

STEFÁN ÁGÚSTSSON

## „Allt sem hefur verið til, heldur áfram að vera til“

### Náttúru trú og dulspeki í verki Þórbergs Þórðarsonar, *Steinarnir tala*

Á fyrstu áratugum síðustu aldar var heimsmynd Vesturlandabúa í gagn-gerri endurskoðun og ýmiss konar dulspeki var talin geta varpað ljósi á hið óþekkt í glímunni við lífsgátuna.<sup>1</sup> Hugmyndafræði spíritista og guðspekinga var bæði mennta- og listamönnum víða um lönd hugleikin. Þar var skáldið Þórbergur Þórðarson engin undantekning en hann kom til Reykjavíkur 18 ára gamall árið 1906, fullur af eldmóði og þorsta eftir þekkingu.<sup>2</sup> Hann vildi ekkert fremur en vita hvernig tilvera hans væri samansett. Þessa þrá má glögg sjá á upphafsköflum *Ofvitans* þar sem hinn ungi Þórbergur,

<sup>1</sup> Dulspeki (e. *esotericism*) er nútíma fræðiheiti, yfirhugtak yfir dulræn þekkingarkerfi sem urðu til við lok átjándu aldar. Það lýsir því ekki sjálfstæðri hefð heldur mörgum ólíkum hreyfingum eða kerfum sem þó eiga sitt hvað sameiginlegt. Þar má nefna gnóstik, náttúruspeki og stjörnufræði. Í þessari grein verður lögð megináhersla á guðspeki sem var stór þáttur í heimssýn Þórbergs Þórðarsonar. Spíritismi og jógaheimspeki koma einnig við sögu þó í minna mæli sé en hugmyndir þessara dulspeki-hreyfinga skarast og styðja hver aðra og skapa heildstæða mynd í þekkingarkerfi Þórbergs. Sjá: Wouter J. Hanegraaff, *Western Esotericism*, London: Bloomsbury, 2014, bls. 3–5.

<sup>2</sup> Grein þessi er byggð á lokaverkefni mínu til BA-prófs í íslensku við Háskóla Íslands frá árinu 2018, „Hvílík eilífð er líf steinsins“. Dulspeki í verki Þórbergs Þórðarsonar, *Steinarnir tala* og samnefndum fyrirlestri fluttum á Þórbergssetri þann 27. október sama ár. Fyrirlesturinn var tekinn upp á myndband og er varðveittur á Setrinu. Ég vil nota tækifærið og þakka leiðbeinanda mínum Bergljótu Soffíu Kristjánsdóttur fyrir ómetanlega aðstoð við lokaverkefnið, fyrirlesturinn og þessa grein. Benedikt Hjartarson fær einnig þakkir fyrir aðstoð og þarfar ábendingar við vinnslu greinarinnar sem og tveir ónafngreindir ritrýnar fyrir einkar gagnlegar athugasemdir.



sögupersóna bókarinnar, eiturbrasarinn á Kúttar Hafsteini, situr niðri í lúkar á heimsiglingunni úr síðasta vetrartúrnum. Hann lætur sig dreyma um að setjast á skólabekk og leysa þar sjálfa lífsgátuna með hjálp lærðra manna. Hann veltir fyrir sér hvaða visku hann gæti numið af ólíkum námsgreinum. Hann gerir sér í hugarlund að læra um uppruna og merkingu orðanna í íslenskri málfræði, í landafræði að skoða landakort sem voru fallegustu myndir sem hann gat hugsað sér en hvað fælist í náttúrufræðinni var hann ekki alveg viss um:

Er hún um náttúruna í mönnum og skepnum? Ja, nú er ég askotann ekki viss. Líklega er hún þó um hina náttúruna. Hún er sennilega um það, hvernig stóra náttúran hefur orðið til, hvernig steinarnir hafa myndast og moldin hrúgast upp. Hvernig grösín, dýrin og mennirnir sköpuðust og hvað þau eru alltaf að hugsa. Hún hlýtur líka að lýsa því, kannski með myndum, hvar sálin í þeim er, úr hverju hún er búin til og hvað fyrir henni á að liggja eftir dauðann, því sálin er þó, fari í helvíti, partur af náttúrunni. Hafa mennirnir ódauðlega sál? En dýrin? Hafa grösín anda, sem lifir eftir að þau eru fölnuð og fallin? En aumingja steinarnir?<sup>3</sup>

Ungi maðurinn sem hóf nám í Kennaraskólanum haustið 1909 varð fyrir sárum vonbrigðum. Náttúrufræðin leitaðist ekki við að leysa lífsgátuna, heldur fjallaði hún um bein, skinn og hár á dýrum í einhverri bók á dönsku eftir einhvern Boas.<sup>4</sup> Landafræðin kom Þórbergi ekki jafnmikið á óvart en gömlu örnefnaþulurnar sem hann hafði lært utanbókar í Suðursveit voru ekki spennandi lengur. Á meðan hann sat á aumum afturendanum undir þurri upptalningu um hver væri íbúafjöldi og hverjir undirstöðuáttvinnuvegir helstu borga heims reikaði hugurinn heim í Suðursveit þar sem glíman við gátur veraldarinnar hófst. Gátur sem hann vænti svara við í musteri viskunnar en fljótlega varð ljóst að svörin var ekki að finna á þeim vettvangi og áður en veturinn var allur hafði hann hent frá sér námsbókunum.<sup>5</sup>

Á síðum *Ofvitans* heldur glíman við lífsgátuna áfram en annar áratugur síðustu aldar var gríðarlega mikilvægur í mótun Þórbergs Þórðarsonar.<sup>6</sup> Á

<sup>3</sup> Þórbergur Þórðarson, *Ofvitinn*, Reykjavík: Mál og menning, 1987, bls.10.

<sup>4</sup> Hér á Þórbergur væntanlega við danska dýrafræðinginn Johan Erik Vesti Boas (1855–1935) og bókina hefur að öllum líkindum verið: J. Boas, *Lærebog i zoologien. Nærmest til brug for studerende og lærer*, Kaupmannhöfn: Gyldendal, 1905.

<sup>5</sup> Þórbergur Þórðarson, *Ofvitinn*, bls. 19–21.

<sup>6</sup> Bókin fjallar um árin 1909–1913.

seinni hluta ferils skáldsins, þegar heimssýn hans er komin í fastar skorður, snýr hann sér að æsku sinni og gerir henni skil í röð sjálfsævisögulegra verka. Árið 1956 kom það fyrsta, *Steinarnir tala*. Í kjölfarið kom *Um lönd og lýði* (1957) og loks *Rökkuróperan* (1958) sem er síðasta sjálfsævisögulega verkið sem Þórbergur sendi frá sér. *Fjórdá bók* var gefin út árið 1974 eftir andlát skáldsins sem hluti af safnrítinu *Í Suðursveit* en í þeirri bók eru allar bækurnar um æskustöðvarnar sameinaðar.<sup>7</sup>

Þær gátur sem ungi maðurinn í Kennaraskólanum vænti lausna á glímdi, Bergur litli, sögupersóna Suðursveitarbálksins við en hann reyndi að öðlast dýpri skilning á stórbrotinni náttúru sveitarinnar sem hann var órofa hluti af, og um leið að svara grundvallarspurningum um tilveru sína með þeim vísindalegu aðferðum sem hann kom sér upp. Náttúrusýn drengsins sem birtist í *Steinarnir tala* er um margt sérstök. Í þessari grein verður hún skoðuð og leitast við að varpa ljósi á hvar rætur hennar liggja. Þó flestir sem um verk Þórbergs hafa fjallað geri sér grein fyrir sérstöðu náttúru trúarinnar (e. *animism*) í *Steinarnir tala*, þá hafa rætur hennar aldrei verið kannaðar til hlítar. Ljóst er að guðspeki hafði mikil áhrif á Þórberg Þórðarson, sem og ýmiss konar austræn fræði, og því er ekki óeðlilegt að spyrja þeirrar spurningar hvernig hugmyndir slíkra þekkingarkerfa birtist í verkum skáldsins og hvort sú náttúru trú sem sjá má í kenningum guðspekinga eigi eitthvað skylt við þá sem tíðkaðist í Suðursveit.<sup>8</sup>

### „Endurfæðing“ til guðspeki

Sigfús Daðason virðist vera sannfærður um strax árið 1981 að guðspekin skipi veigamikinn sess í lífi og verkum Þórbergs, ekki síst þeim síðari, en hann rakti þau tengsl ekki sérstaklega:

Og satt er það að miklu opinskárri er spíritisminn boðaður í ritum Þórbergs en guðspekin. En þó svo sé þá mun mega greina mark

<sup>7</sup> Í þessari grein er stuðst við útgáfu Máls og menningar: Þórbergur Þórðarson, *Í Suðursveit*, Reykjavík: Mál og menning, 1984.

<sup>8</sup> Birtingarmyndir náttúru trúar eru mismunandi milli menningarheima og trúarbragða og því er hún síst af öllu einfalt fyrirbæri. Nú er hugtakið notað til þess að skilgreina þá heimssýn sem gerir ráð fyrir að allir hlutir, lifandi og dauðir, hafi sál en ekki aðeins menn. Þessa skilgreiningu á fyrirbærinu má rekja til mannfræðingsins Edward Burnett Tylor. Hann og sporgöngumenn hans hafa í seinni tíð verið gagnrýndir fyrir kenningar sínar en náttúru trú hefur lengi verið jaðarsett og eignuð frumstæðum samfélögum, svonefndum villimönnum, en mannhverf menning Vesturlandabúa verið talin æðri og þróaðri. Að þessu verður vikið seinna í greininni.

guðspekinnar víða í ritum Þórbergs, og líka í þeim síðustu, þó ekki sé rúm til að rekja það hér.<sup>9</sup>

Sú sérstaka náttúrusýn sem birtist í *Steinarnir tala* kemur ekki síst fram í því að Bergur litli sér líf í öllu, líka hinni dauðu náttúru og veraldlegum hlutum sem í augum drengsins hafa eins og menn og skepnur ódauðlega sál. Halldór Guðmundsson álitur að tengja megi þessa sýn anímisma<sup>10</sup> eða frumstæðri algyðistrú, þar sem allir hlutir hafi sál og séu partur af alheimsandanum en telur hana jafnframt vera aðferð skáldsins til að sýna umgjörð náttúrunnar um mannlífið „með því að draga fram eilífðina í hinu hversdagslega.“<sup>11</sup>

Pétur Gunnarsson tekur í svipaðan streng en hann telur samband Þórbergs við steina vera einkennilegasta dæmið um anímisma hans.<sup>12</sup> Pétur, líkt og Halldór, hefur þetta samband til marks um það hlutverk sem Þórbergur ætlaði Suðursveitarbókunum, það er að bjarga frá gleymsku öllu því sem átti sér stað í heimahögunum. Hann hafi viljað varðveita þá menningu sem hann ólst upp við í Suðursveit en skrásetningu hennar telur Pétur vera einhvers konar paradísarheimt.

Soffía Auður Birgisdóttir tekur náttúrusýnina í *Steinarnir tala* til vitnis um heildarhyggju Þórbergs, þá hugsun hans að allt líf sé fætt af einni heild sem það hverfi síðan aftur til. Hún telur að tengja megi þessa heildarhyggju við guðspeki og indverska heimspeki en leggur megináherslu á að tengja hana orðræðu rómantíkur.<sup>13</sup>

Þórbergi er án vafa í mun að varðveita frá gleymsku það viðhorf til tilverunnar sem hann ólst upp við í Suðursveit, eins og Halldór og Pétur benda á. Spurningin er hins vegar hvort málið snúist einvörðungu um varðveislu eða hvort Þórbergur hafi ef til vill komið auga á samhljóm milli þeirrar náttúru trúar sem hann ólst upp við og þeirrar þekkingar sem hann aflaði sér síðar á lífsleiðinni og átti uppruna sinn í fjarlægum menningarheimum. Hér verður kannað hvort náttúrusýnin, sem birtist í *Steinarnir tala*, sé bundin við Suðursveit eða hafi einkenni sem gætu átt sér alþjóðlegri samsvörun í þekk-

<sup>9</sup> Sigfús Daðason, „Þórbergur Þórðarson“, *Andvari* 1/1981, bls. 3–42, hér bls. 33.

<sup>10</sup> Halldór Guðmundsson og Pétur Gunnarsson nota orðið anímismi yfir það sem í þessari grein er kallað upp á íslensku náttúru trú.

<sup>11</sup> Halldór Guðmundsson, *Skáldalíf. Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2006, bls. 24.

<sup>12</sup> Pétur Gunnarsson, *ÞP. Í forbeimskunarlandi* Reykjavík: JPV útgáfa, 2010, bls. 177–179.

<sup>13</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, Reykjavík: Bókautgáfan Opna, 2015, bls. 120.

ingu sem Þórbergur aflaði sér síðar á lífsleiðinni. Margir þeirra sem fjalla um verk Þórbergs hafa skoðað þau út frá ákveðnum þáttum í lífshlaupi hans en fyrstur í þeirri röð var Stefán Einarsson. Hann bað Þórberg á sinni tíð um að senda sér nokkrar upplýsingar um ævi sína. Árið 1934 brást Þórbergur við þessari beiðni og ritaði samantekt, undir titlinum *Endurfæðingarkrónika*, um þau atriði sem höfðu djúpstæð áhrif og mörkuðu tímamót á ferli hans og hann nefndi endurfæðingar. Stefán birti samantektina síðan í bók sinni *Þórbergur Þórðarson fræðimaður – spámaður – skáld, fimmtugur* sem kom út í tilefni hálftrar aldar afmælis skáldsins.<sup>14</sup>

Það kann að vera að einhverjum finnist hálfkæringur einkenna framsetningu Þórbergs í *Endurfæðingarkróníkunni* en enginn vafi er á að þau tímamót á ævi hans sem hann nefnir endurfæðingar skipa veigamikinn sess og áhrifa þeirra gætir víða í höfundarverki hans. Engum dylst til dæmis háðið sem Þórbergur beinir að nýrómantískum skáldum í ljóðabókum sínum en árið 1914 frelsaðist hann undan þeim „póetíska svindlara“ Einari Benediktssyni.<sup>15</sup>

Endurfæðingarnar urðu sex talsins. Sú fyrsta varð árið 1906 þegar skáldið fékk náttúru til kvenna og hóf að yrkja en sú seinasta var endurfæðing til ritstarfa árið 1933. Fjórða endurfæðingin var sennilega þeirra afdrifaríkust en árið 1917 hellti Þórbergur sér út í guðspeki, jógaheimspeki og spíritisma sem breyttu sýn hans á tilveruna. Hann lýsir þessari endurfæðingu svona:

Hlunkast á októbermánuði um kl. 6 að kvöldi, þá staddur á Laugaveginum rétt fyrir ofan Bergstaðastræti, með vígahnattarhraða niður í ómælishöf guðspeki, jógaheimspeki [*sv*] og spíritisma, svo að allt annað gleymist. Fæ nýja útsýn yfir gervalla tilveruna. Kýli á andlegum æfingum. Beini mínu blikki til meistara í Tíbet. Finn alheimsorkuna fossa í gegnum hverja taug. Gerist heilagur maður.<sup>16</sup>

Í *Meisturum og Lerisveinum* (stóra ævisögulega handritinu svokallaða) rekur Þórbergur hvernig áhugi hans á guðspeki hófst, þegar hann fékk lánaðan *Lífstígann* eftir Annie Besant hjá Ingimari Jónssyni.<sup>17</sup> Þar nefnir hann jafn-

<sup>14</sup> Stefán Einarsson, *Þórbergur Þórðarson fræðimaður – spámaður – skáld, fimmtugur*, Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu, 1939, bls. 7–10.

<sup>15</sup> Sama heimild, bls. 8.

<sup>16</sup> Sama heimild, bls. 8.

<sup>17</sup> Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og Lerisveinar. Eftir stóra ævisögulega handritinu*, Ritstj. Arngrímur Vídalín, Reykjavík: Forlagið, 2010, bls. 65–73. Áður hefur verið bent á þessi tímamót: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „„að predika dýraverndun fyrir soltnum hýenum““, *Ritið* 1/2017, bls. 9–52, hér bls. 14.

framt að hann hafi orðið sér úti um „þrjú undirstöðurit“ nítjándu aldar: *Secret Doctrine* (Leyndu kenninguna, 1888) eftir Helenu Blavatsky, *Human Personality* (Persónuleika mannsins, 1903) eftir Fredrik W.H Myers og *On the Origin of Species* (Uppruni tegundanna, 1859) eftir Charles Darwin.<sup>18</sup> Í framhaldinu sökkvir hann sér ofan í bækur um spíritisma og indverska heimspeki en mest les hann þó rit guðspekinganna og virðist hafa heillast af kenningum þeirra, sannreynt þær og haldið trú við þær:<sup>19</sup> „Og ég fann aldrei neitt, hvorki í minni eigin hugsun né röksemdum annarra né í bókum sem hrakti þessar kenningar eða gerði þær ósennilegar.“<sup>20</sup>

Pétur Gunnarsson bendir á að sú dulspeki sem birtist í bókinni *Steinarnir tala* sé heilsteypt og sjálfri sér samkvæm.<sup>21</sup> Þórbergur er orðinn fullorðinn og heimssýn hans fullmótuð. Pétur segir að hann yrði ekki hissa þó að einhver tæki sig til og setti hugmyndir og hugsjón Þórbergs um lífið í kerfi. Þegar hafðar eru í huga þær heimildir sem hér hafa verið raktar er ekki ólíklegt að guðspekin spili að minnsta kosti eitthvert hlutverk í þeirri heilsteyptu dulspeki sem Pétur gerir að umfjöllunarefni sínu. Áður en það verður skoðað nánar er nauðsynlegt að líta á hvað einkennir guðspekina.

### *Guðspekibreyfingin*

Í kringum aldamótin nítján hundruð var geysileg þróun á sviði vísinda og ollu ýmsar uppgötvanir því að menn þurftu að taka heimsmynd sína til endurskoðunar. Kenningar kirkjunnar þóttu ekki eins trúverðugar og áður og menn leituðu nýrra leiða við að koma skikki á hugmyndir sínar um veröldina. Thomas S. Kuhn rekur í umfjöllun sinni um vísindabyltingar hvernig rannsóknir á svokölluðu ljósvakareki settu kenningar um ljósvakann í uppnám í stað þess að renna stoðum undir þær. Ástandið sem skapaðist í kjölfarið kallar Kuhn kreppuástand þar sem samkeppni komst á milli ólíkra kenninga úr ólíkum áttum og til varð orðræða sem lagði grunninn að byltingu, sem í þessu tilviki ræðst af afstæðiskenningu Einsteins.<sup>22</sup>

Benedikt Hjartarson bendir á að í slíku kreppuástandi sé gjarnan sótt til

<sup>18</sup> Nafn höfundarins er ranglega ritað Fredrik Meyer í *Meisturum og lærisveinum*. Sjá bls. 66.

<sup>19</sup> Það sem hér er nefnt indversk heimspeki er strangt til tekið ólíkar trúarstefnur eða hugmyndakerfi.

<sup>20</sup> Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og lærisveinar*, bls. 67.

<sup>21</sup> Pétur Gunnarsson, *ÞP. Í forheimskunarlandi*, bls. 178.

<sup>22</sup> Thomas S. Kuhn, *Vísindabyltingar*, þýð. Kristján Guðmundur Arngrímsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2015, bls. 182–185.

dulspekilegra hefða og reynt að samþætta þær nýrri vísindalegri þekkingu.<sup>23</sup> Hugmyndafræði dulspekingsins Helenu Blavatsky á vel heima í orðræðu þessa kreppuástands en hún stofnaði Guðspekifélagið (e. *The Theosophical Society*) ásamt Henry S. Olcott árið 1875.<sup>24</sup> Eftir andlát Blavatsky tók Annie Besant við forystuhlutverkinu og var ötul í útgáfustarfsemi ásamt félagasín- um Charles W. Leadbeater.

Blavatsky gagnrýndi þá afstöðu sem vísindin og trúarbrögðin tileinkuðu sér en bæði sviðin töldu sig ein hafa svarið við leyndardómum alheimsins.<sup>25</sup> Guðspekinni var ekki ætlað að verða ný trúarbrögð þar sem trúarþekkingu væri stillt upp á móti þeirri vísindalegu, heldur var það takmark guðspekinga að beita vísindalegum aðferðum til að nálgast trúarþekkingu og yfirskilvitleg fyrirbæri.

Guðspekin leitaði einkum til austrænna trúarbragða, bæði hindúisma og búddisma sem og heimspeki sem tengdist þeim, sérstaklega jógafræða en einnig til skrifa um yfirskilvitleg fyrirbæri í kristinni trú, rita spíritista og þess sem til var í vestrænum verkum um töfra og dáleiðslu. Í kenningum Blavatsky er gert ráð fyrir að þau trúarbrögð sem eru áberandi í veröldinni eigi bakgrunn í sameiginlegum indógermönskum menningararfri, kristin trú sé ekki undanskilin en hafi fyrir seinni tíma áhrif efnishyggjunnar villst af leið.<sup>26</sup>

Blavatsky leitaðist því við að varpa ljósi á algildan sannleika sem hún taldi birtast víðs vegar til dæmis í ólíkum trúarbrögðum og heimspeki. *Isis Unveiled* er eitt af grundvallarritum frá árdögum guðspekinnar en í því styður Blavatsky skoðanir sínar margvíslegum heimildum sem hún viðar að sér. Þau vinnubrögð einkenna alla hennar aðferðafræði og birtast í helstu ritum hennar.<sup>27</sup>

<sup>23</sup> Benedikt Hjartarson, „Magnum af annarlegu viti“. Um strangvísindalega dulspeki Helga Pjeturss“, *Ritið* 1/2017, bls. 113–173, hér bls. 136.

<sup>24</sup> Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar“, *Saga* 22: 1/1984, bls. 93–172, hér bls. 98.

<sup>25</sup> Sama heimild, bls. 3.

<sup>26</sup> Helena P. Blavatsky, *The Key to Theosophy. Being a Clear Exposition in the Form of Question and Answer of the ETHICS, SCIENCE, AND PHILOSOPHY for the Study of which the Universal Brotherhood and Theosophical Society has been Founded: With a Copious Glossary of General Theosophical Terms*, London: The Theosophical Publishing Company, Limited, 1889, bls. 4–5.

<sup>27</sup> Sjá hér umfjöllun um aðferðafræði Blavatsky: Richard Michael Caputo, *Spiritualism, Science and Suspense. Theosophy and Supernatural Adventure Story*, New York: Stonybrook University, 2011, bls. 7.

Aðferð Balvatsky miðaði að því að renna stoðum undir boðskapinn sem hún flutti úr eins mörgum áttum og unnt væri og tryggja um leið að lesandinn gæti séð líkindin á milli þeirra ólíku heimilda sem hún dró fram. Þessi líkindi milli ólíkra þekkingarkerfa, til dæmis á milli heimspeki Platons og speki vitringa í fornum sið hindúa, áttu að vera sönnun hins algilda sannleika sem veröldin grundvallaðist á.<sup>28</sup> Blavatsky taldi að margt í speki fornaldar, sem vísindin afskrifuðu með hroka sínum, þyrfti ekki endilega að ganga í berhögg við þau og hefði jafnvel meira gildi en þau. Þetta viðhorf Blavatsky er samþærilegt því sem Þórbergur viðrar í grein sinni „Lifandi kristindómur og ég“:

Áður en grunnfærni efnishyggjunnar hóf sigurför sína um Vesturlönd, var trúin á margvísleg dularöfl og dularverur lifandi þekking kristinna þjóða. En eftir að efnishyggjan settist í hásæti heimskunnar, bakverptist kristinn lýður við dulvísi feðra sinna og varpaði slíkum fræðum niður í myrkur hjátrúar og hindurvitna. Trúin á annað líf varð tálskin taumlausra draumóra. Sálin varð uppstígandi frá meltingarkirtlunum. Dularheimar og dularverur umhverfðust í ofsjónir sjúkra heila. Ofurmennin urðu vitfirringar. Og yfirburðir Krists stöfuðu af óreglu á þvagini. [...] Í Suðursveit stóð þó dulvísinn gamla föstum fótum kringum síðustu aldamót. Dularheimar og dularverur voru þar um slóðir eins bjargfastur veruleiki og hinar sýnilegu veraldir.<sup>29</sup>

Þarna kemur skýrt fram að Þórbergur telur efnishyggjuna hafa spillt viðhorfi kristinna manna til fornrar þekkingar. Jafnframt er hann sannfærður um að þessi forna þekking hafi fundist í heimasveit hans um aldamótin 1900.

Þetta viðhorf til efnishyggjunnar er einkennandi í störfum guðspekinga en rík áhersla var lögð á að ekki væri um ný trúarbrögð að ræða. Það endurspeglast í einkunnarorðum Guðspekifélagsins: „Engin trúarbrögð eru sannleikanum æðri.“<sup>30</sup> Auk þeirra hafði félagið þrjú yfirlýst markmið sem öllum dótturfélögum víðs vegar um heiminn var uppálagt að fylgja, en þó mun stundum hafa verið býsna frjállega með þau farið. Markmiðin voru:

<sup>28</sup> Helena P. Blavatsky, *Isis Unveiled. A Master-Key to the Mysteries of Ancient and Modern Science and Theology* 1. bindi, New York: J.W. Bouton, 1877, bls. xi.

<sup>29</sup> Þórbergur Þórðarson, „Lifandi kristindómur og ég“, *Iðunn* 3/1929, bls. 242–277, hér bls. 256–257.

<sup>30</sup> Jón L. Arnalds, „Proskaleiðir“, gudspekifelagid.is, sótt þann 30. maí 2020 af [http://www.gudspekifelagid.is/greinasafn/jon\\_l\\_arnalds/truarheimspeki/throskaleidir.html](http://www.gudspekifelagid.is/greinasafn/jon_l_arnalds/truarheimspeki/throskaleidir.html).



1. Að mynda kjarna af allsherjar bræðralagi mannkynsins, án tillits til kynstofns, trúar, kynferðis, stéttar eða hörundslitar.
2. Hvetja menn til að leggja stund á samanburð trúarbragðanna, heimspeki og náttúruvísindi.
3. Að rannsaka óskilin lögmál náttúrunnar og þau öfl, er leynast með manninum.<sup>31</sup>

Í guðspeki er meginmarkmiðið að sanna með ýmsum aðferðum að mennirnir eigi sér sameiginlegan uppruna bæði andlega og líkamlega; að mannkyn allt sé af sömu heild og því hafi það sem gerist í einu landi eða hendir einn mann áhrif á heildina á eins augljósan hátt og steinninn gárar vatnið. Uppruni mannsins verði aðeins skýrður með því að sýna fram á að allt í alheiminum sé af sama kjarna og muni sameinast honum aftur að lokum, hvort sem það er hlutlægt eða huglægt, sýnilegt eða ósýnilegt.<sup>32</sup> Þessar hugmyndir snúast um alheimsandann og þær sækja guðspekingar til austrænna trúabragða.<sup>33</sup> Þær má finna víða í ólíkum hugmyndakerfum heimspekinga, trúarbragða og dulspekinga en þær má rekja allt til hugmynda Platons um frummyndirnar.<sup>34</sup> Síðar sóttu heimspekingar síðfornaldar í smiðju hans en Plótínos og Próklos eru oftast nefndir sem áhrifamestu heimspekingar tímabilsins sem oftast er kennt við nýplatonisma.<sup>35</sup>

Hugmyndir guðspekinga um ferli lífsandans grundvallast á því að bak við atómið liggi önnur grunneining sem er kölluð aleind (e. *monad*). Þessi aleind er hluti alheimsandans, kjarnans sem allt kemur af og hverfur að lokum aftur til; það má til að mynda sjá í útskýringu Leadbeaters á aleindinni sem sameinast efninu á jörðinni og fer í gegnum ferlið sem er þróun lífs á jörðinni

<sup>31</sup> Pétur Pétursson, „Fæðing höfundar. guðspekin og bréf til Láru eftir Þórberg Þórðarson“, „að skilja undraljós“. *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarfeni*, ritstj. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson, Reykjavík, Bókmennta og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2010, bls. 165–187, hér, bls. 171.

<sup>32</sup> Helena P. Blavatsky, *The Key to Theosophy*, bls. 41–42.

<sup>33</sup> Um það sem hér er kallað alheimsvitund hefur einnig verið notað hugtakið alvitund, einkum í seinni tíð.

<sup>34</sup> Tímajos Platons er undirstöðurit nýplatonismans og birtist í hugmyndafræði ólíkra dulspekistrauma. Blavatsky vitnar oft til ritsins, t.d. hér í umfjöllun um mannsálina: Helena P. Blavatsky, *Isis Unveiled*, bls. xix.

<sup>35</sup> Eyjólfur Kjalar Emilsson, „Inngangur“; Platon, Plótínos, *Samdrykkjan og Um fegurðina I 6*, þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 9–39, hér einkum síður 31–33. Í sama riti má finna útbreiddasta rit Plótínosar, *Um fegurðina I 6*.

sem endar með því að sameinast aftur alheimsandanum. Gjörvallt lífið á jörðinni er þar með einhvers konar þroskaferli.<sup>36</sup> Með skýringarmynd sýnir Leadbeater ferli andans á sjö sviðum, maðurinn kemur til á því fjórða. Þegar því sleppir taka við andleg tilverustig en þau tvö síðustu eru utan seilingar mannsins.<sup>37</sup>

Þetta ferli nefnir Annie Besant lífstiga. Forsenda hans er ljósvakinn, frumaflið sem leiðir allt framþróunarskeiðið.<sup>38</sup> Um hann flæðir andi frumverunnar sem guðspekingar nefna svo og „fyrsta lífsaldan“ svokallaða leiðir af sér samruna efnis og anda. Önnur lífsaldan streymir frá frumverunni og veitir efninu þann eiginleika að verða fyrir utanaðkomandi áhrifum.<sup>39</sup> Sú þriðja skapar einstaklingseðlið og forsendu þess að maðurinn geti hafði þróunarferli sitt.<sup>40</sup> Áður en hann kemur til sögunnar hefur andinn þróast í lífsgervum steina-, jurta- og dýraríkisins.<sup>41</sup> Mannssálin fer samkvæmt Besant í gegnum fjögur þroskastig; í lok þess fjórða er maðurinn orðinn píslarvottur eða spámaður á mörkum hinna miklu leyndardóma en áður en því takmarki er náð gengur hann í gegnum röð endurfæðinga á jörðinni.<sup>42</sup>

Endurholdgunarkenning guðspekinnar hefur jafnan verið uppspretta deilna, sennilega vegna þess að hún leggur meiri áherslu á þróun mannkynsins í heild en örlög einstaklingsins. Endurholdgunin gegndi að viti guðspekinga hlutverki í þróun mannkynsins alls og markmiðið var þróun sálarinnar í gegnum þróunarstigin sjö. Áhugi almennings sneri hins vegar fremur að nýrri leið til að ljá lífinu tilgang. Í stað þess að ekkert tæki við eftir dauðann sá fólk möguleika á annarri tilraun til að takast á við lífið, jafnvel í aðeins betri stöðu ef það hegðaði sér vel. En þar sem áhugi guðspekinnar á örlögum einstaklingsins var takmarkaður voru smáatriðin í þeirri mynd óljós.<sup>43</sup>

Þó að sýn guðspekinga á endurholdgun sé í meginráttum nokkuð skýr var hún stöðugt til endurskoðunar. Leadbeater setur fram allglögga mynd af

<sup>36</sup> C. W. Leadbeater, *Man Visible and Invisible. Examples of Different Types of Men as Seen by Means of Trained Clairvoyance*, Adyar: The Theosophical Publishing House, 1902, bls. 6–7.

<sup>37</sup> C.W. Leadbeater, *Man Visible and Invisible*, bls. 4.

<sup>38</sup> Annie Besant, *Lífstiginn. Sex alþýðlegir guðspekifyrirlstrar*, Reykjavík: Bókaútgáfa Guðspekifélagsins, 1916, bls. 24–78, hér bls. 29.

<sup>39</sup> Sama heimild, bls. 32.

<sup>40</sup> Sama heimild, bls. 34–35.

<sup>41</sup> Sama heimild, bls. 34.

<sup>42</sup> Sama heimild, bls. 41–44

<sup>43</sup> Richard Michael Caputo, *Spiritualism, Science and Suspense*, bls. 127.

þróun sálarinnar í bók sinni *Man Visible and Invisible*. Hann segir að í jurta-  
ríkinu sé hver planta ekki með sál heldur þjóni sama hópsálin jafnvel heilu  
tegundunum. Á lægri stigum dýraríkisins geti ein sál þjónað milljónum af  
einstaklingum, til dæmis í tilfelli skordýra, en færri einstaklingar séu um  
hverja hópsál eftir því sem ofar dragi í þróunarstigunum.<sup>44</sup>

Leadbeater útskýrir með líkingu hvernig hópsálar dýraríkisins þróast. Ef  
hópsálin er vatn í fullri fötu, er einstaklingurinn glas af vatni þar sem vatnið  
er sálin. Öll reynsla einstaklingsins hefur áhrif á þróun sálarinnar og Lead-  
beater tákna það með litarefni sem blandast við vatnið í glasinu. Þegar ein-  
staklingurinn deyr sameinast vatnið í glasinu aftur því sem er í fötunni og  
litur þess hefur áhrif á allt vatnið sem þar er. Öllum þeim eiginleikum sem  
einstaklingurinn hefur þróað með sér á lífsleiðinni er deilt með hópsálinni  
en það er auðvitað ómögulegt að ná aftur sama glasi af vatni úr fötunni, eða  
með öðrum orðum endurholdgun einstaklingsins er ekki möguleg á meðal  
dýra. En á sama tíma og hópsálin þróast, skipast hún á færri og færri ein-  
staklinga, á svipaðan hátt og frumur skipta sér, og að lokum hafa einstök dýr  
eina sál og þróun mannsins í gegnum endurfæðingar hefst.<sup>45</sup>

Þessar hugmyndir guðspekinnar eru ólíkar þeim sem hindúar hafa um  
endurholdgun. Þeir ganga út frá því að allt form lífs hafi sams konar andlegt  
sjálf, hvort sem það eru guðirnir sjálfir eða grasstrá. Allt líf hefur því sama  
gildi og sömu möguleika. Endurholdgun einstakrar sálar er ekki bundin við  
manninn heldur gengur hvert sjálf í gegnum röð endurholdgana og getur  
tekið á sig mynd, til að mynda dýra eða plantna. Allir hafi því einhvern tím-  
ann verið planta eða dýr og geti aftur horfið í þá mynd. Þess vegna koma  
hindúar fram við fyrirbæri náttúrunnar með það í huga að sálar manna, sem  
þeir hafa elskað, gætu hafa holdtekist í þeim.<sup>46</sup> Þó skal ekki gera ráð fyrir því  
að staða dýra sé örugg í sið hindúa, dýrafórnir til guðanna eru til dæmis enn  
þann dag í dag hluti af helgiathöfnum þeirra.<sup>47</sup>

Þrátt fyrir þennan mun á afstöðu guðspekinga og hindúa til lögmála  
endurholdgunar, er samhljómur í því að kenningar beggja gera ráð fyrir að  
dýrin og önnur fyrirbæri náttúrunnar hafi sál og af því leiða siðferðisspurn-  
ingar sem krefjast svara.

<sup>44</sup> C.W. Leadbeater, *Man Visible and Invisible*, bls. 32.

<sup>45</sup> Sama heimild, bls. 33.

<sup>46</sup> Lance Nelson, „Cows, Elephants, Dogs, and Other Lesser Embodiments of Atman. Reflections on Hindu Attitudes toward Nonhuman Animals“, *A Communion of Subjects. Animals in Religion, Science and Ethics*, ritstj. Paul Waldau; Kimberly Patton, New York: Columbia University Press, 2006, bls. 179–194, hér bls. 182–183.

<sup>47</sup> Sama heimild. bls. 180.

*Guðspekin umdeild*

Guðspekihreyfingin hefur í gegnum tíðina ekki farið varhluta af gagnrýni. Margt í kenningum hennar og aðferðafræði hefur ekki þótt standast skoðun. Bókmenntfræðingurinn Richard Michael Caputo bendir til dæmis á hversu óljós meginmarkmið félagsins séu og jafnvel í mótsögn innbyrðis. Hann spyr hvort sá sem ekki trúir á tilvist yfirskilvitlegra afla geti átt samleið með guðspekingum eins og fyrsta greinin gerir í raun ráð fyrir. Hann nefnir jafnframt að sú hlutlægni, sem felst í öllum markmiðum hreyfingarinnar, sé ómöguleg. Sá sem hafi gengist við tilvist einhvers konar æðri veruleika geti ekki staðið fyrir hlutlægni. Þar að auki segir hann að grundvallarrit guðspekinnar séu full af staðreyndavillum, tilvitnanir standist ekki skoðun og sumt sé hreinn og klár skáldskapur. Caputo fullyrðir að ekki hafi verið litið á verk Blavatsky sem skáldskap þegar þau komu fyrst út, heldur hafi fylgjendur hennar tekið þeim sem heilögum sannleika.<sup>48</sup>

Afhjúpun á grundvallarritum guðspekinnar á sinn þátt í dvínandi vinsældum hennar þegar fram í sækir en af umfjöllun Caputo má ráða að staða hennar hafi verið nokkuð sterk upp úr aldamótunum 1900. Ýmsar skýringar kunnu að vera á þeirri sterku stöðu en hafa verður í huga það andrúmsloft glundroða sem einkenndi þær miklu breytingar sem urðu á heimsmynd Vesturlandabúa á fyrstu áratugum nýrrar aldar. Á þeim tíma komu fram kenningar sem kollvörpuðu heimssýn manna, eins og hin takmarkaða afstæðiskenning sem kemur fyrst fram árið 1905 og er nánar útfærð 1917.<sup>49</sup> Eins sjálfsgöð og kenning Einsteins er í heimsmynd nútímamannsins var hún ekki samþykkt af samfélaginu umsvifa- og gagnrýnislaust. Það tók nokkurn tíma þar til hún öðlaðist sess í öndvegi og á meðan voru til skoðunar þau grundvallaratriði í heimsmyndinni sem hún kollvarpar og skáld jafnt sem fræðimenn, leituðu fanga víða til þess að raða saman heillegri mynd af heiminum og þróun hans. Á þetta bendir Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og telur að fræðimenn hafi verið ósammála um stöðu guðspekinnar í upphafi tuttugustu aldar.<sup>50</sup> Sumir telji hana ekki vera hluta af meginstraumnum á meðan aðrir álíti hana ekki hafa verið eins langt úti á jaðrinum og ætla mætti.

Benedikt Hjartarson nefnir jafnframt, í umfjöllun sinni um dulspeki Helga Pjeturss, að gera verði ráð fyrir því að sumt sem í dag rúmast engan

<sup>48</sup> Richard Michael Caputo, *Spiritualism, Science and Suspense*, bls. 5.

<sup>49</sup> Magnús Magnússon, „Inngangur“, *Afstæðiskenningin*, þýð. Þorsteinn Halldórsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011, bls. 9–35, hér bls. 22–30.

<sup>50</sup> Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „að predika dýraverndun fyrir soltnum hýenum“, bls. 10.

vegin innan vísindalegrar orðræðu hafi vel getað gert það í umbrotum aldamótanna:

Vert er að hafa þetta margbrotna samband vísindakenninga, frum-spekilegra hugrenninga og líkingamáls í huga þegar glímt er við mælskulist *Nýals*. Á ritunartíma verksins var kenningin um ljósvakann, og þar með þær hugmyndir um ósýnilegar bylgjur, geisla og magnan sem á henni byggðu, að nokkru leyti enn *gjaldgeng* innan alþýðlegrar vísindaumræðu. [...] <sup>51</sup>

Benedikt segir að jafnvel þó breytingar hafi átt sér stað geti úreltar kenningar lifað innan alþýðlegrar vísindaumræðu vegna þess að hún sé borin uppi af eldri vísindamönnum sem njóti virðingar og taki ennþá virkan þátt í umræðunni þótt þeir séu ef til vill hættir rannsóknarstörfum. Á meðan séu þeir sem yngri eru ekki eins áberandi í umræðunni en séu í deiglu nýjunganna með rannsóknarstörfum sínum. <sup>52</sup>

Til marks um stöðu dulrænna fræða hérlendis í upphafi tuttugustu aldar má taka Harald Níelsson prófessor við Háskóla Íslands. Kjarninn í boðskap hans var: „Sálin er eilíf, hún lifir af líkamsdauðann og heldur áfram að þroskast í kærleika guðs.“ <sup>53</sup> Haraldur sat í stjórn Sálarrannsóknarfélagsins og var í framvarðarsveit Tilraunafélagsins sem stundaði rannsóknir á dulrænum fyrirbærum. <sup>54</sup> Vinsældir spíritisma á Íslandi eru gjarnan raktar beint til Haralds og vakti það athygli erlendis hversu miklar þær voru hérlendis svo að ekki sé minnst á að guðfræðiprófessor væri spíritisti. <sup>55</sup>

Haraldur var sannfærður hughyggjumaður og gekk út frá því að grundvöllur sannleikans væri í heimi handan okkar veruleika. Í Tilraunafélaginu lögðu menn stund á sálarrannsóknir, einkum með hjálp miðla en það þarf vart að fjölyrða um hversu umdeildir hæfileikar þeirra hafa verið, jafnt þá sem nú. <sup>56</sup> Haraldur veigraði sér ekki við að svara háværum gagnrýnisröddum eins og erindi hans, sem gefin voru út á bók árið 1913, eru til vitnis um.

<sup>51</sup> Benedikt Hjartarson, „Magnan af annarlegu viti“. Um strangvísindalega dulspeki Helga Pjeturss,“ bls. 113–173, hér bls. 127.

<sup>52</sup> Sama heimild, bls. 127.

<sup>53</sup> Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum. Ævisaga Haralds Níelssonar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011, bls. 7–11.

<sup>54</sup> Haraldur Níelsson, *Hví sler þú mig. Erindi um rannsókn dularfullra fyrirbæra*, Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja, 1913, bls. 2.

<sup>55</sup> Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum. Ævisaga Haralds Níelssonar*, bls. 271.

<sup>56</sup> Sama heimild, bls. 270–271.

Hann hafði andstæðinga sína alla undir og virðist sem gagnrýnisröddum hafi fækkað eftir því sem leið á feril hans. Naut hann almennar virðingar og gegndi stöðu rektors við Háskóla Íslands þegar hann lést árið 1928.<sup>57</sup>

Þrátt fyrir að guðspekin hafi ef til vill verið nærri meginstraumnum á fyrstu áratugum síðustu aldar var afstaða Þórbergs gagnrýnin og segist hann aldrei hafa tekið kenningum guðspekinnar sem heilögum sannleika, heldur reynt að renna stoðum undir þær með spírítisma og þróunarkenningu Darwins. Hann lýsir því með þessum hætti í *Meisturum og lærisveinum*:

Á yfirborðinu hafði ég oft virst trúhneigður eða réttara sagt: Að vera sannfærður um hluti sem ég hef engar sannanir fyrir. En þetta var að eins á yfirborðinu og oftast beinlínis tilbúið til þess að komast í fjörugar viðræður við fólk af gagnstæðri skoðun.[...] En undir niðri hefi ég æfinlega efað allt sem ég fékk ekki sannanir fyrir. Svo var einnig um flest í guðspekinni [...]. Ég var klofinn milli efa og sannfæringar. Og mér gramdist það oft við guðspekinga hvað þeir skágengu vísindalegan hugsanagang og sannanir.<sup>58</sup>

Þess má víða sjá merki í verkum Þórbergs að hann var ekki sáttur við framgang og afstöðu forvígismanna guðspekinnar. *Bréf til Láru* vakti gríðarlega athygli á sínum tíma, ekki síst fyrir vægðarlausu gagnrýni skáldsins sem beindist í ýmsar áttir, meðal annars að stefnu þeirra sem fóru með völd innan guðspekihreyfingarinnar. Hann telur þá fulla af hræsni; þeir séu smáborgaraleg klíka og trú þeirra á nöfn og titla sé orðin að blindri hjáguðadýrkun.<sup>59</sup> Það breytir þó ekki því að hann telur margt í kenningum guðspekinnar standast skoðun og virðist halda tryggð við hana ævilangt sem órofa hluta af þeirri heimsmynd sem hann kom sér upp. Endurholdgunarkenningin, lýsingar á hinum mismunandi tilverustigum og bræðralagskenningin voru þættir sem Þórbergur var sannfærðastur um.<sup>60</sup>

### *Guðspeki og náttúru trú í Steinarnir tala: Hin dauða náttúra*

Náttúru trú er það kallað þegar fyrirbæri náttúrunnar eru gædd lífi, sál og persónuleika eins og fyrr var drepið á. Mannfræðingurinn Edward Burnett Tylor skilgreindi náttúru trú þegar árið 1871 sem heimssýn þar sem ekki er

<sup>57</sup> Sama heimild, bls. 9–13.

<sup>58</sup> Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og lærisveinar*, bls. 78–79.

<sup>59</sup> Þórbergur Þórðarson, *Bréf til Láru*, Reykjavík: Mál og menning, 1982, bls. 38.

<sup>60</sup> Þórbergur Þórðarson, *Meistarar og lærisveinar*, bls. 67.

greint á milli lifandi og dauðra hluta, heldur sjái menn náttúruna sem eina lifandi heild. Af því má draga þá ályktun að tvíhyggja sé orðin svo ráðandi árið 1871 að náttúru trúin sé frávik.<sup>61</sup>

Þegar náttúru trú Bergs litla og fleiri persóna í *Steinarnir tala* er skoðuð virðist hún, við fyrstu sýn, vera staðbundin birtingarmynd slíkrar trúar. En þegar hún er borin saman við staðbundnar hugmyndir um náttúru trú í fjarlægum og ólíkum þjóðfélögum, koma í ljós þættir sem eru sameiginlegir. Af því má draga þá ályktun að þessir þættir kunni að eiga sér rætur í sammannlegu eðli eða að þeir eigi sér sameiginlegan uppruna í fornri menningarhefð.

Einnig má færa rök fyrir því að náttúru trú Bergs litla einkennist af guðspekipekkingu Þórbergs á sama tíma og hinn fullorðni sögumaður í bókinni *Steinarnir tala* leggi sig fram um að lýsa náttúrunni frá sjónarhóli barnsins. Allt í náttúrunni virðist barninu lifandi. Það einskorðast reyndar ekki við náttúruna, heldur eru allir skapaðir hlutir lifandi, jafnt hin „dauða náttúra“ og hlutir hins efnislega heims. Það birtist strax í fyrstu lýsingu sögumanns á upplifun barnsins á náttúrunni:

Enga sýn hef ég síðan séð og ekkert hljóð heyrt, sem hafa haft jafn feiknleg og dulmögnuð áhrif á mig og þessi fyrstu kynni mín af veraldarhafinu. Mér fannst það líkara lifandi ófreskju með óskiljanlega lögum, ægilegri, grimmri og ofsaprunginni, heldur en andvana náttúruundi.<sup>62</sup>

Þannig er því farið með alla hluti sem verða á vegi Bergs litla, hvort sem það er vinur hans eldurinn, sem var heilt samfélag af kynjaverum í augum barnsins, taðköggarnir, sem virtust kveinka sér undan eldinum, eða viðarhríslurnar sem kveinkuðu sér ennþá meira vegna þess að þær höfðu stærri sál (44). Bergi er sköpuð sérstaða í samfélaginu með þessari náttúru trú, því sögumaðurinn tekur það fram að fólk í Suðursveit hafi almennt verið þeirrar skoðunar að allt sem ekki þurfti að éta væri dauð náttúra:

Steinarnir, járníð, blikkið, blýið, eirinn, koparinn, látúnið, sinkið, böndin og spýturnar, þetta var alltaf kallað dauð náttúra í Suðursveit, af því að það þurfti ekki að éta, og allt sem búið var til úr þessu, var sagt að væri dautt. (150–151)

<sup>61</sup> Cornelius Borck, „Animism in the Sciences Then and Now“, *e-flux journal* 36/2012, sótt 22. janúar 2020 af <http://www.e-flux.com/journal/36/61266/animism-in-the-sciences-then-and-now/>.

<sup>62</sup> Þórbergur Þórðarson, *Í Suðursveit*, bls. 24. Hér eftir verður aðeins vísað til þessa rits með blaðsíðutali í meginmáli.

Hins vegar var allt lifandi í augum Bergs, bara misjafnlega mikið og hafði misjafnlega gott minni eftir því hvers konar fyrirbæri var um að ræða:

Af öllum „dauðum hlutum“ fannst mér steinarnir vera mest lifandi. Það var af því, að þeir voru náttúrlegastir og mundu áreiðanlega lengst aftur. Það hafði enginn umskapað þá og neytt þá til að vera öðruvísi en náttúran hafði gert þá. En hinir „dauðu hlutir“ voru afmyndaðir af mönnum og ónáttúrlegir, og mér fannst þeir hefðu glatað miklu af sálu sinni, með því að vera gerðir svona, og týnt mikið minni. Hvað væri ævi spíkara eða blýsökku eða hrifu í samanburði við ævi steinsins. (151)

Steinarnir voru sérstaklega dularfullir í huga drengsins, tilkomumikil klettabeltin vöktu áhuga hans og ekki síður stakir steinarnir sem hlaupið höfðu niður hlíðar fjallanna og orðið við það frjálssir einstaklingar. Bergur litli reyndi oft að glöggva sig á hvaðan steinarnir, sem stóðu hér og þar í hlíðunum, höfðu hlaupið úr klettabeltinu og var mjög forvitinn um aldur þeirra og sögu. Þeir voru á mismunandi aldri, ungu steinarnir voru glaðlegir og í þeim bjó hreyfing en þeir eldri voru daufari og ellilegir á litinn og hreyfingin í þeim hæg og þunglamaleg.

Það hafði djúpstæð áhrif á Berg að horfa lengi á „veru“ sem var svo gömul að hún hefði getað séð papana og Hrollaug landnámsmann fyrir þúsundum ára og séð margbreytileika himinhvolfsins eins og það var fyrir milljónum ára. Honum lék því forvitni á að vita hvaða visku steinarnir byggju yfir. Hvernig litu fjöllin út? Voru sólin og tunglið jafnstór þá og nú? Eða stjörnur, hver var afstaða þeirra, var hún eins og nú? (149–150)

Í umfjöllun sinni um skyggignigáfu fjallar Leadbeater um möguleika þeirra sem hafa þróað gáfu til þess að sjá fortíðina. Sá sem hefur þann hæfileika getur séð fyrir hugskotssjónum sínum gjörvalla sögu jarðarinnar. Hann getur virt fyrir sér allar þær undarlegu myndir sem jurtir og dýr höfðu þegar heimar þeirra áttu sviðið, sömuleiðis jarðfræðilega þróun. Hann hefur sem sagt aðgang að öllum fyrri þróunarstigum jarðarinnar, hvort sem það er steinaríkið, jurtaríkið, dýraríkið eða mannheimar.<sup>63</sup>

Leadbeater segir að skyggignigáfan birtist fyrst á dýrastiginu og fyrstu tilverustigum mannsins en hverfi á einhverjum tímamarki áður en hún birtist

<sup>63</sup> C.W. Leadbeater, *Clairvoyance*, London: Theosophical Publishing Society, 1903, bls. 118.



aftur á síðari stigum í þróun mannsins. Þegar það gerist er hún mun sterkari og auðveldara að ná tókum á henni og þróa en áður.<sup>64</sup>

Leadbeater gerir grein fyrir mismunandi stigum skyggningáfna og tilgreinir nokkur dæmi. Í flestum tilvikum þarf sá skyggni að fá eitthvað sem tengir hann við tímann sem skal skoða. Leadbeater tekur dæmi þar sem hann rétti skyggnum manni umslag sem innihélt litla steinflís sem tilheyrði Stonehenge. Þrátt fyrir að vita ekki hvað var í umslaginu, hóf sá skyggni að lýsa þessum fornminjum og nánasta umhverfi þeirra, auk þess að lýsa því sem greinilega sýndi fortíð flísarinnar.<sup>65</sup>

Í *Steinarnir tala* reynir Bergur litli að ná sambandi við steinana, það skyldu þó ekki vera miðilshæfileikarnir sem hann vill þroska? Bergur litli reynir af þolinmæði að komast í samband við steinana. Hann horfir á þá, talar við þá og reynir að hlusta á þá en eitthvað lætur árangurinn á sér standa. Sögumaðurinn, hinn fullorðni Þórbergur kennir það þekkingarleysi fremur en öðru:

Mér var alveg náttúrulegt að hugsa, að maður gæti heyrt frá þeim raddir og skilið í þeim hugsanir, ef maður heyrði nógu vel og væri nógu fimur til þess að skilja. En maður þyrfti að æfa sig til þess, og ef maður æfði sig nógu lengi, þá færi maður að heyra og skilja. En ég vissi ekki þá, hvernig maður ætti að æfa sig. (151)

Þessar hugmyndir Bergs litla fara saman við kenningar guðspekinnar um hvernig hægt sé að nálgast liðna tíma í gegnum skyggningáfuna og freista þess að fá skýra mynd af því hvernig veröldin var í árdaga. Þó að Berg skorti þekkingu til að þróa þessa gáfu, þekkir skáldið sem ritar æskuminningar sínar hugmyndir guðspekinga um skyggningáfu. Þegar sögumaðurinn segist ekki hafa vitað þá hvernig ætti að æfa sig vísar hann eflaust til þeirrar þekkingar sem Þórbergur hefur aflað sér síðar á ævinni.

Guðspekingar telja skyggningáfuna gagnlega til að glöggva sig á tilverunni og sögu hennar og líta svo á að hægt sé að nota slíka gáfu til jafns við ýmsar aðrar aðferðir Blavatsky sem áður hafa verið nefndar. Blavatsky skoðar til dæmis bókmenntir og frásagnir fornra menningarsamfélaga til að styðja kenningar sínar um þróunarferlið sem guðspekin styðst við. Í öðru bindi ritsins *Secret Doctrine* dregur hún fram ýmsar heimildir úr ólíkum áttum til

<sup>64</sup> Sama heimild, bls. 22.

<sup>65</sup> Sama heimild, bls. 114.

þess að varpa ljósi á mismunandi tilverustig sem ríkt hafi á jörðinni áður en maðurinn kom til sögunnar. Hún dregur fram dæmi sem eiga að styðja tilvist risa á jörðinni fyrir tíma mannsins en einnig koma við sögu steinar sem gátu gengið, talað, höfðu spádómsgáfu og sumir gátu jafnvel sungið. Dæmi eru sögð um menningarsamfélög sem tilbáðu steina; steinn einn í Westminster mun hafa gegnt því hlutverki að tilnefna nýjan konung.<sup>66</sup>

Blavatsky fjallar einnig um fyrirbæri sem erfitt er að skýra hvernig hafi orðið til. Hún nefnir Stonehenge – eins og Leadbeater seinna – en það hefur lengi verið ráðgáta hvernig menn hafi getað reist slík fyrirbæri. Við sögu kemur líka steinn sem virtist með óútskýrðum hætti alltaf komast til baka á sama stað, sama hvaða brögðum var beitt til þess að koma í veg fyrir að það gerðist. Steinarnir hafa því ekki síður verið guðspekingum hugleiknir en Bergi litla á Hala í Suðursveit. Og það sem meira er, hann leggur sömu áherslu og þeir á að rannsaka óútskýrð náttúrulögmál.

Einn steinn vakti meiri athygli Bergs litla en aðrir, enda var hann dularfullur í meira lagi. Steinn þessi var þeirrar náttúru að hann birtist aðeins í sólarljósi. Hann var alltaf ósýnilegur þegar sólar naut ekki en sást jafnan um hádegið þegar sólin skein og hvarf við sólsetur eða þegar ský dró fyrir. Bergi fannst hann einnig vera líklegur til að hlaupa af stað niður hlíðina. Steinar geta víst hreyft sig, segir Bergur, jafnvel þó þeir hafi enga fætur, enda hafa t.d. hvorki englar né fiskar fætur en hreyfa sig samt (152).

Glíma Bergs litla við rannsóknir á steininum dularfulla í lok bókarinnar er hápunktur hennar, frásögnin er í senn spennandi og spaugileg. Bergur ætlar að beita vísindalegri nákvæmni við rannsóknir á steininum. Hann hafði þegar komið sér upp rannsóknaraðferðum og þótt þær væru ekki þær nákvæmustu urðu þær að duga: „Ég varð að láta mér nægja að slumpa til um áttir eftir gangi sólar og sjöstjörnnunnar, og mæla vegalengdir með glennum mínum.“ (101)

Berg dreymir um að þekkja Pólstjörnuna og geta þannig með nákvæmni fundið réttar áttir en undratæki eins og áttavitinn var honum aðeins fjarlægur draumur. „Glennurnar“ svokölluðu voru aðferð hans til að mæla vegalengdir. Samkvæmt mælingum drengsins gat hann stigið faðm í tveimur skrefum. Lýsingar hans á tilburðum sínum við mælingar eru kostulegar. Hann glímir við ónákvæmni aðferðarinnar þegar honum verður ljóst að endurtekna mælingar á sama fyrirbærinu gefa ólíkar niðurstöður og óvissa

<sup>66</sup> Helena P. Blavatsky, *The Secret Doctrine. The Synthesis of Science, Religion, and Philosophy*, 2. bindi, London: The Theosophical Publishing Company, Limited, 1888, bls. 431–435.

vaknar því um hver sé rétt. Annað sem takmarkaði drenginn við vísindastörfin var að hann vildi alls ekki láta neinn sjá sig þegar hann framkvæmdi þessar mælingar. Hann gerði ráð fyrir að þær þættu hlægilegar, en vegna þess hversu lappastuttur hann var, þurfti hann að glenna skrefin til þess að ná faðmi; þar að auki var hætta á að hann yrði talinn ofviti (98–99).

Í myndinni sem Þórbergur dregur upp af rannsóknaraðferðunum birtist þráin til að komast að kjarna hlutanna með vísindalegri nákvæmni. Sögu- maður skopast að tilburðum Bergs litla og veit að aðferðirnar sem hann beitir eru ekki óskeikular, nýjar uppgötvanir þurfa að vera studdar nákvæmum rannsóknum. Bergur beinir, rétt eins og guðspekingarnir, vísindunum að dularfullum óútskýrðum fyrirbærum í þeim tilgangi að öðlast dýpri skilning á tilverunni. Hann hafnar ekki náttúru trúnni heldur beinir aðferðum vísindanna að henni og öðlast um leið dýpri skilning á veröld sinni.

Einn liður í þeirri vegferð var rannsókn Bergs á steininum sem fyrr var nefndur. Drengurinn kom sér fyrir á baðstofumæninum þegar loksins komu ákjósanleg skilyrði. Þar gat hann fylgst með steininum birtast. Það reyndi á þolinmæði piltsins, hann fylgdist til skiptis með sólinni og bústað steinsins sem virtist ekki ætla að birtast á hádegi eins og hann hafði gert ráð fyrir (153). Þegar steinninn kom loksins í ljós var klukkan orðin um það bil korter yfir tólf. Bergur litli blótaði þeirri ónákvæmni sem felst í „hérumbilinu“ og óskaði þess að hafa nákvæmari mælitæki: „ef ég hefði klukku með sekúnduvísi þá hefði ég ekki þurft að segja hér um bil, og þá hefði ég ekki þurft að bölv.“ (156)

Rannsókn drengsins leiddi í ljós hvernig steinninn birtist. Hann kom ekki í ljós hægt og rólega eins og Bergur litli hafði gert ráð fyrir heldur skyndilega. Það þótti Bergi athyglisvert og hafði fullan hug á að rannsaka það frekar. Vísindalegar rannsóknir hans á því hvenær og hvernig steinninn birtist hafa leitt hann að grundvallarspurningunni um ferðalag ljóssins sem vísindamenn höfðu glímt við svo öldum skipti og Einstein svaraði loks með afstæðiskenningu sinni þannig að hugmyndir manna um ljósvakann (e. *ether*) urðu endanlega úreltar. Ljósvakinn gegndi veigamiklu hlutverki í kenningum margra dulspekinga, eins og fjallað var um fyrr í þessari grein, og það á til dæmis við um kenningar Annie Besant.<sup>67</sup> Menn gengu út frá því að sérhvert rými væri þrungið af ljósvakanum en hann átti að gegna því hlutverki að leiða ljósbylgjur, hljóðbylgjur, rafbylgjur og jafnvel heilabylgjur.<sup>68</sup>

<sup>67</sup> Besant fullyrðir í *Lífstiganum* að ljósvakinn sé viðurkenndur innan vísindanna árið 1910, sjá hér: Annie Besant, *Lífstiginn. Sex alþýðlegir guðspekifyrirlestrar*; bls. 28–29.

<sup>68</sup> Sama heimild, bls. 28–29.

Fróðlegt er því að sjá hvernig Þórbergur lætur sögupersónu sína uppgötva með athugunum sínum að kenningar um ljósvakann standist ekki. Eins og minnst var á hér að framan voru hugmyndir um ljósvakann að einhverju leyti enn þá á lífi í orðræðu vísindanna um aldamótin 1900. Þær gátu þar af leiðandi verið grundvöllur þeirra sem hugðust beita vísindalegum aðferðum við að skýra það sem manningum var dulið, og ljóst er að ljósvakinn gegndi veigamiklu hlutverki í kenningum guðspekinga.<sup>69</sup> Blavatsky fjallar meðal annars um hann í *Isis Unveiled*<sup>70</sup> en Leadbeater í *Clairvoyance* og þá í tengslum við skyggniáfuna.<sup>71</sup>

Það er Þórarinn, föðurbróðir Þórbergs, sem trufar hann við hugleiðingar um hvernig steinninn góði birtist og kemur ef til vill í veg fyrir að Bergur litli skjóti Einstein ref fyrir rass. Lesandinn fær því aldrei að vita hvað Bergur ætlar að rannsaka sérstaklega við steinninn: „Þetta verð ég að rannsaka sem ...“ (156) hugsar Bergur litli en er hrifinn úr þönkum sínum af Þórarini. Bergur þykist vera að horfa eftir kindum og veðri og tekst að leiða huga Þórarins að storminum sem virtist í aðsigi þannig að frændinn verður að gera ráðstafanir til að bjarga húsunum í Gerði. Að því loknu gáir Þórarinn til veðurs, sem er sjálfsagt háttalag af því að það getur komið að gagni, öfugt við gón Bergs á steinninn. Gláp drengsins virðist gagnslaut en sjálfur er hann sannfærður um að hann muni leysa gátuna um steinninn þegar hann verði eldri (157). Eftir að Þórarinn er rokinn til að bjarga húsum sínum hefur Bergur litli næði til þess að velta fyrir sér steininum. Á því augnabliki sem steinninn birtist er sjónarhornið mjög greinilega Bergs litla; þá kemur bein ræða innan gæsallappa sem sögumaður gerir sér far um að hafa barnslega; Bergi litla liggur mikið á hjarta. Það virðist hafa runnið upp fyrir honum ljós og hann hendir fram ýmsum grundvallarspurningum:

hann getur samt verið milljóna ára gamall, fyrst milljónir ára bandingi í klettabelti, so hundruð hundruð eða þúsundir ára sjálfstæð vera eða á klettarák eða bergbrún. Er ekki allt líf sona, fyrst eitt-hvað í einu lagi, svo eitt sér? So aftur í einu lagi? (158)

Sögumaður miðlar í gegnum sjónarhorn barnsins þekkingu sinni á guðspeki, að minnsta kosti falla þessar hugleiðingar drengsins vel að kenningum hennar um þróun andans. Samkvæmt þeim er andinn einn og hinn sami en tekur á sig ýmsar myndir í sambandi við efni á hinum mismunandi stigum

<sup>69</sup> Benedikt Hjartarson, „Magan af annarlegu viti“. Um strangvísindalega dulspeki Helga Pjeturss,“ bls. 24–26.

<sup>70</sup> Helena P. Blavatsky, *Isis Unveiled*, bls. 126–153.

<sup>71</sup> C. W Leadbeater, *Clairvoyance*, bls. 29–50.

tilverunnar á jörðinni og frelsast til alheimsandans að lokum áður en ferlið hefst að nýju.<sup>72</sup> Alheimsandinn er hin raunverulega tilvera en hið efnislega líf á jörðinni er blekking.<sup>73</sup>

Bergur litli er forvitinn um hvað hafi á daga steinsins drifið og veltir fyrir sér hvort aldrei verði fundið upp verkfæri sem sýni atburði liðins tíma en spyr svo hvort allir atburðir verði að engu eftir að þeir eru liðnir. Þar sem Oddný gamla í Gerði gat séð fyrir atburði, sem ekki höfðu gerst, en hún vissi hver yrði eiginmaður hennar áður en hún hitti hann, hlaut hún að geta séð hluti sem þegar höfðu gerst (158–159).

Þessar vangaveltur Bergs koma heim og saman við hugmyndir guðspekinnar um skyggniáfu eins og Leadbeater setur þær fram. Í *Clairvoyance* íhugar hann möguleika skyggns manns til að skoða alla þróun lífs og anda á jörðinni. Að hans viti getur sá sem hefur fulla stjórn á skyggniáfu sinni ekki aðeins séð þróun mannsins, heldur getur hann virt fyrir sér allar þær undarlegu myndir sem plöntur og dýr hafa tekið á sig í gegnum árpúsundin og séð allar þær stórkostlegu jarðhræringar sem mótað hafa jörðina.<sup>74</sup>

Frá flóknum heilabrotum um eilífðina vísar hugsun Bergs aftur til Þórarins sem brást við yfirvofandi óveðri og reyndi að fergja allt sem gat fokið. Tilburðir hans við að bjarga veraldlegum eigum sínum virðast hálfhlægilegir í samanburði við vangaveltur Bergs, hvað þá ef óskhyggja drengsins í seinustu setningu bókarinnar hefði ræst: „Æ, það hefði kannski orðið skemmtilegra, ef ekki hefði hvesst og Þórarinn hefði hlaupið apríl með frönsku járnin og siglupallana.“ (160)

Togstreitan milli efnis og anda – ef svo má að orði komast – sem birtist í

<sup>72</sup> Annie Besant, *Lífstígin. Sex alþýðlegir guðspekifyrirlstrar*, bls. 24–25.

<sup>73</sup> Maya hugtakið í austrænum trúarbrögðum vísar til efnisheimsins sem blekkingar í huga þess sem ekki hefur öðlast uppljómun og áttað sig á að hann sé eitt með alvitundinni. Hér má t.d. sjá umfjöllun um hana í sambandi við karma jóga í riti sem Þórbergur þýddi sjálfur ásamt Ingimari Jónssyni: Johannes E. Hohlenberg, *Yoga og gildi þess fyrir Evrópu*, þýð. Ingimar Jónsson og Þórbergur Þórðarson, Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1920, bls. 116–117. Þessar hugmyndir um heimsblekkinguna koma víða fyrir kenningum guðspekinga, sjá til dæmis hér: Helena P. Blavatsky, *Isis Unveiled*, bls. xii–xv. Jafnframt má sjá þær í verkum Þórbergs allt frá því hann viðrar þær fyrst hér: Þórbergur Þórðarson, „Ljós í austri“. *Ýmsar ritgerðir*, Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 7–15, hér bls. 13. Álfdrís Þorleifsdóttir fjallar um hugtakið í tengslum við *Íslenzkan aðal* í grein annarsstaðar í þessu hefti *Ritsins*, jafnramt flutti hún fyrirlestur um sama efni á Þórbergssetri þann 27. október 2018.

<sup>74</sup> Leadbeater, *Clairvoyance*, bls. 118. Í þessu samhengi vísa guðspekingar gjarnan til akasha-króníkunnar. Það hugtak á uppruna sinn hjá Blavatsky og stendur fyrir sögu jarðar og mannkyns, sjá til dæmis hér: Carl Clemen, „Anthroposophy“, *The Journal of Religion* 4: 3/1924, bls. 281–292, hér bls. 283–284; sótt 30. maí 2020 af <https://doi.org/10.1086/480431>.

kaflanum af rannsóknum Bergs á steininum, á sér hliðstæðu í öðrum verkum Þórbergs. Í fyrri verkum skáldsins þar sem ævi hans er til umfjöllunar, *Íslenskum aðli* og *Ofvitanum*, er hinn ungi Þórbergur í stöðugri togstreitu á milli þess að öðlast andlegan mikilfengleika og að svala líkamlegum nautnum og skopast sögumaðurinn Þórbergur oft að sjálfum sér á yngri árum. Írónían felst í því misræmi sem birtist annars vegar í orðum hins unga Þórbergs og gjörðum hans hins vegar. Sigríður Rögnvaldsdóttir fjallar meðal annars um þessa birtingarmynd íróníu. Hinn ungi Þórbergur á sér fögur markmið um hreinlífi og setur sér strangar lífsreglur sem eiga að stuðla að auknum þroska sálarinnar en brýtur þær jafnharðan og setur nýjar reglur í kjölfarið, fullur iðrunar og fyrirheita um bót og betrun. Bergur litli er hins vegar enn þá saklaus og ungur og hefði helgað sig andanum, rannsóknum og athugunum á náttúrunni ef ekki hefði verið fyrir rækt samfélagsins við hið efnislega, „frönsku járnin og siglupallana“ – og reyndar einnig hans eigin hégóma – en hann vill alls ekki vera afhjúpaður sem ofviti.<sup>75</sup>

### *Dýrin í Suðursveit*

Eins og allt annað í tilveru Bergs litla hafa dýrin sál sem bera skal virðingu fyrir. Snemma í bókinni lýsir sögumaður minningum sínum af atburðum þar sem dýr eru drepin. Í einu tilvikinu var hundur hengdur vegna elli og í tveimur tilvikum var köttum fargað án nokkurrar ástæðu að því er virðist. Þetta eru minningar sem sitja í Þórbergi:

Það gerði mér stundum óþægindi, hvað sumt fólk og meira að segja gott fólk var ónærfærið um sálarlíf dýranna. En það var ekki við öðru að búast. Fáfræði vísindanna og trúarbragðanna hafði innrætt því þann glæp, að þetta væru „skynlausar skepnur“. (29)

Sögumanni hugnast ekki afstaða vísindanna og trúarbragðanna frekar en Blavatsky sem í grein sinni „Have Animals Souls?“ fjallar um þá áleitnu siðferðislegu spurningu hver staða dýranna sé og hvernig mennirnir komi fram við þau. Hún telur að sú afstaða nútímaefnishyggju sem birtist til að mynda í kenningum kirkjunnar og gerir ráð fyrir að sálir dýra lifi ekki af líkamsdauðann sé í mótsögn við þær ályktanir sem má draga af bókstaf Biblíunnar. Blavatsky ténir til dæmi úr henni sem hægt er að útleggja á þann veg að dýr hafi ódauðlega sál rétt eins og menn. Blavatsky gerði ekki ráð fyrir að menn

<sup>75</sup> Sigríður Rögnvaldsdóttir, „Brotin heimsmýnd. Um sýnd og reynd í *Íslenskum aðli* og *Ofvitanum*“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1989, bls. 291–306, hér bls. 298–301.

hættu að slátra dýrum og leggja þau sér til munns en vonaðist til þess að látið yrði af óþarfa drápum og pyntingum á dýrum og beindi spjótum sínum sérstaklega að sportveiði og kvikskurði í rannsóknarskyni.<sup>76</sup>

Þórbergur virðist hafa svipaða afstöðu þegar hann dregur fram þessi tilgangslausu dráp á hundum og köttum. Hins vegar lýsir hann í þremur köflum (133–148) hvernig kindum sem rata í ógöngur er bjargað. En þá skautar hann alveg fram hjá því hver örlög lambanna verða að hausti, hvort sem þeim er bjargað úr ógöngum eða ekki. Þórbergur hefur vísast kunnað að meta lambakjöt eins og margir aðrir.

Tvíhyggja sú sem kennd er við Descartes hefur valdið því að nútímamenn hafa gjarnan afskrifað náttúru trú sem frumstæða trú og þekkingarfræði sem gangi ekki upp. Vaxandi vísindahyggja í lok nítjándu aldar leiðir í raun til skilgreiningar Edwards Burnett Tylor á fyrirbærinu sem felur í sér að það var jaðarsett og helst talið einkenna frumstæð þjóðfélög safnara og veiðimanna.<sup>77</sup>

Fræðimenn einkum á sviði hugrænna fræða hafa á undanförunum árum beint athyglinni að náttúru trúnni sem sameiginlegu einkenni fremur en jaðarfyrirbæri í frumstæðum þjóðfélögum.<sup>78</sup> Mannfræðingurinn Nurit Bird-David samþættir ríkjandi umhverfiskenningu (e. *environment theory*) og ríkjandi persónuleikakenningu (e. *personhood theory*) og leiðir rök að því að hugmyndir í ætt við náttúru trú séu sameiginlegar öllum mönnum og liggi til grundvallar því hvernig manneskjan skilur umhverfið og þroskar vitsmuni sína.<sup>79</sup> Bird-David telur að slíkar hugmyndir einskorðist ekki við frumstæð þjóðfélög eða óvita, né heldur séu útilokaðar þar sem annars konar þekkingarfræði sé í öndvegi.<sup>80</sup>

Bergur litli er augljóslega þeirrar skoðunar að dýrin hafi sál og þeim beri

<sup>76</sup> H.P. Blavatsky, „Have animals soul?“, *The Theosophist*, 7:6/1886, bls. 248–254, hér bls. 254.

<sup>77</sup> Cornelius Borck, „Animism in the Sciences Then and Now“, bls.1.

<sup>78</sup> Í tengslum við þetta má benda á umfjöllun um samband fólks við ímyndaða vini: Guðrún Steinþórsdóttir, „Ætla þessum frásögnum aldrei að ljúka?“ *Tímarit Máls og menningar* 4/2019, bls. 74–84, hér bls. 76–77.

<sup>79</sup> Með „ríkjandi umhverfiskenningu“ á Bird-Davids við kenningu um að umhverfið spanni ekki endilega andstæðuna efnisheimur-menn, en með „ríkjandi persónuleikakenningu“ þær hugmyndir að persónuleiki einkennist ekki endilega af tvíhyggjuhugmyndinni líkami~andi, sjá „„Animism“ Revisited Personhood, Environment, and Relational Epistemology“, *Current Anthropology* 40:1/1999, bls. 67–91, hér bls. 68.

<sup>80</sup> Sama heimild, bls. 67–79.

tilhlýðileg virðing rétt eins og Blavatsky segir í „Have Animals Souls?“ Í bókinni *Steinarnir tala* kemur víða fram mismunandi afstaða manna til sálarlífs dýranna sem skapar togstreitu milli efnishyggju og náttúru trúar. Í níunda kafla kynnr sögumaður lesendur fyrir Marínu Erlendsdóttur sem var kölluð Marsa. Hún bjó um tíma á Hala og hafði með sér hund sem hét Depill. Hún hafði mikið dálæti á honum og umgekkst hann fremur sem mann en hund. Hún leyfði honum að sofa uppí hjá sér og „talaði oft til hans og sagði: „Depill Depill! Er þér ekki mál að pissa?““ (55). Þegar Marsa veiktist var brugðið á það ráð að lóga hundinum en í Suðursveit var mör hunda talinn hafa lækningamátt, sérstaklega gegn því sem hrjáði Mörsu. Ráðið virtist virka, að minnsta kosti náði Marsa fullri heilsu eftir að heitur mörinn var lagður á háls hennar og hleypti meininu út. Hún varð hins vegar afar reið þegar hún komst að því að hundinum hefði verið fórnað fyrir heilsu hennar.

Þessi frásögn bendir til að framkoma Mörsu við hundinn hafi þótt fremur óvenjuleg og ekki síður að hún skyldi leggja líf hans að jöfnu við sitt. Hvorugt myndi þó teljast óeðlilegt í dag. Í vestrænu nútímasamfélagi eru hundar oft hluti af fjölskyldunni og komið fram við þá sem slíka og dýraverndarsjónarmið, sem virða rétt dýra til lífs engu síður en manna, verða sífellt háværi.

Þegar hesturinn Jarpur gamli veiktist talaði Bergur litli við hann í veikindunum og vildi helst að hann gæti sagt hvar hann fyndi til svo að hægt væri að lækna hann; drengurinn velti líka fyrir sér hvernig færi fyrir sál hestsins. Bergur segir við Jarp: „og það yrði líklega aldrei gaman í eilífðinni, því að fólkíð segir, að það sé óvíst, að þú hafir ódauðlega sál.“ (86). Í þessum hugleiðingum rifjar Bergur upp samskipti sín við Jarp og fær samviskubit vegna þess að stundum hefur hann lamið fótastokkinn, skammað hann og jafnvel reitt honum kjaftshögg. Berg grunar að Jarpur sé ekki alveg skynlaus skepna og ef sál hans lifir líkamann geti hann séð hversu mjög Bergur iðrast gerða sinna enda hafði Oddný í Gerði sagt að ódauðlegar sálir vissu allt um þá sem eftir lifðu. Orðum hennar treysti Bergur því í huga hans var hún vitrasta kona á Íslandi og auk þess skyggn (86–88).

Marsa, Oddný og Bergur litli eru ekki þau einu sem líta á dýrin sem skyni gæddar verur með ódauðlega sál. Dýrum virðast vera gefnir mannlegir eiginleikar í sumum tilvikum þegar erfitt er að útskýra hegðun þeirra. Hundar voru taldir búa yfir skyggnigáfu, að minnsta kosti þeir sem voru alspora, heyrði Bergur sagt (67). Honum fannst augun í hundinum Seppa næstum eins og augun í mönnum og var viss um að hann sæi og heyrði það sem mönnum væri dulið. Kýr ein á Breiðabólstað gat líka spáð fyrir um



veðrið (44–46). Undarlegt háttalag Skjöldu, sem var önnur kýrin á Hala, var rakið til skyggniáfu hennar og þótt fólk hafi ekki talið sál Jarps ódauðlega, taldi sögumaður það hafa haft einhverjar hugmyndir um að sálir kúnna væru það:

Það skammaðist sín enginn í Suðursveit fyrir sambúð við kýrnar, þær voru partur af fjölskyldunni, ennþá nákomnari henni andlega og líkamlega en hestarnir og kindurnar. Þær voru góðar við fólkið að gefa því mjólk úr sér, hollasta matinn á heimilinu. Þær áttu guð yfir sér eins og fólkið, og það voru sumir í Suðursveit farnir að halda að þær hefðu ódauðlega sál. Þær voru bara svolítið öðruvísi í laginu en fólkið (57).

En kýrnar eru ekki aðeins mikilvæg uppspretta fæðu heldur búa þær með mönnum og hita upp bústaði þeirra í leiðinni:

Kýrnar fengu líka hlýju frá fólkinu. Þetta var samhljálpi í baráttunni við vetrarkuldana. Þessir fjósbúar voru ein fjölskylda, sem bjó á tveimur hæðum. Og ylurinn frá kúnum var svo náttúrlegur í lífi fólksins, að maður hugsaði aldrei út í það, hvílík vörn þessar blessuðu skepnur voru gegn kuldasjúkdómum og illri líðan (58).

Í þessum frásögnum dregur sögumaður upp mynd af því hvernig umhverfi og menning Suðursveitar hefur áhrif á Berg litla. Hann dregur fram frásagnir sem einkennast annars vegar af náttúru trú sem og hins vegar af efnishyggjunni sem virðist vera að taka yfir í menningu sveitarinnar. Guðspekiþekkingin sem Þórbergur hefur víðað að sér birtist í þeirri sérstöðu sem Bergi litla er sköpuð með náttúru trúnni. Trúin á sálarlíf kúnna virðist þó vera nokkuð almenn. Kýrnar og fólkið í Suðursveit eru ein og sama fjölskyldan í harðri lífsbaráttunni. Sögumaðurinn, hinn sviðsetti Þórbergur, undirstrikar mikilvægi þeirra í samfélaginu. Gott er þá að minnst þess að margt bendir til að kýrin hafi gegnt veigameira hlutverki í helgisiðum þjóða víða um heim áður en kristindómur og íslam náðu víðtækri útbreiðslu.<sup>81</sup>

Rétt eins og í Suðursveit gegnir kýrin lykilhlutverki í menningu Indlands. Hún gefur af sér mikilvægar afurðir, auk mjólkurinnar er mykjan notuð til kyndingar og jafnvel sem byggingarefni. Hindúar tilbiðja kúna og í sið þeirra er hún heilög og víða er bannað að slátra henni eða það að minnsta kosti takmarkað. Hún gegnir enn hlutverki sem táknmynd í menningu hind-

<sup>81</sup> Frederick J. Simoons, *Eat Not This Flesh. Food Avoidances from Prehistory to the Present*, Madison: University of Wisconsin Press, 1994, bls. 103.

úa og er hluti af helgiathöfnum þeirra. Kýrin var í upphafi tákni frjósemi og hindúar vísa til hennar sem móður mannkyns.<sup>82</sup> En kúna sem tákni fyrir frjósemi er að finna víðar en í sið hindúa. Nærtækt er að minnast þess hvaða þátt kýrin Auðhumla átti í sjálfri sköpun heimsins í norrænni goðafræði. Hún nærði með mjólk þursinn Ými sem heimurinn var skapaður úr og gat af sér Búra forföður goðanna.<sup>83</sup>

Af framansögðu má ráða að Þórbergur hafi með *Steinarnir tala* ekki aðeins ætlað sér að bjarga frá gleymsku menningunni sem var að hverfa í Suðursveit eins og Halldór Guðmundsson og Pétur Gunnarsson telja. Honum hafi líka verið einkar hugleikinn þáttur náttúru trúarinnar í þeirri menningu. Og af því að hann sá hliðstæðu með henni og þekkingu sinni á guðspeki og spíritisma hafi hann tengt þetta allt og gefið lesendum kost á að gera það sama.

Augljóst er að kýrin er sú skepna í Suðursveit sem kemst næst því að hafa mannsvit og nýtur því meiri virðingar en önnur húsdýr:

Og það var meira af hugsun í andlitinu á kúnum en í andlitinu á hestunum og kindunum. Þegar þær horfðu á mann, þá hugsuðu þær meira um mann. Það var eins og þær sæju mann út. Mér var helvíti illa við það. Það var engin hugsun í andlitinu á hestunum, þá sjaldan þeir horfðu á mann, og þeir sýndust ekki hafa neinn áhuga á manni. Kindurnar horfðu á mann með miklum áhuga, en það var auðséð á andlitinu á þeim, að þær botnuðu ekkert í manni. Það var eins og þær væru að reyna að skilja, en gætu það ekki (59).

Eins og minnst hefur verið á, rötuðu kindurnar stundum í skelfilegar ógöngur. Í tuttugasta kafla lýsir Þórbergur sveltunum. Þetta voru sjálfheldur í landslagi klettanna sem kindurnar álpuðust í. Þegar þær lentu í slíkum ógöngum urðu bændurnir oft að koma til bjargar. Þó voru þessi svelti stundum svo slæm að enginn vegur var að komast í þau og þá var ekkert til ráða annað en að bíða og vona að rollurnar rötuðu sjálfar úr sveltinu, annars beið þeirra hungurdauði ef þær hröpuðu ekki til bana.

Í umfjöllun Þórbergs um þessa náttúru sauðkindarinnar stillir hann upp ósætlanlegum andstæðum efnis og anda, líkt og í rannsóknum Bergs á steinunum. Andstæðurnar endurspeglast annars vegar í nytsemissjónarmiðum þeirra fullorðnu sem hafa engan skilning á þeirri undarlegu náttúru sauðkindarinnar að leita sífellt til fjalla og koma sér í ógöngur og hins vegar í

<sup>82</sup> Sama heimild, bls. 110.

<sup>83</sup> *Edda Snorra Sturlusonar*, ritstjóri Finnur Jónsson, Kaupmannahöfn: Gyldendalske boghandel, 1931, bls. 13–14.

barnslegu og rómantísku viðhorfi Bergs litla en hann hafði meiri skilning á þessu háttalagi og óskaði sér jafnvel að vera kind. Í striti sumarstarfanna dreymir hann um að vera í sporum þeirra og lýsingarnar eru draumkenndar og rómantískar:

Þvílíkt yndi að ganga klettarákir með hengiflug fyrir neðan og fallega bergveggi með allavega myndum á hina hliðina, að finna í sér öllum, hvað maður er orðinn fimur í klettum [...] (140).

Sögumaðurinn Þórbergur virðist hafa aðra afstöðu. Hann sér líkindi með rollunum og rómantísku skáldunum. Í ljósi þess hvernig hann hefur lýst kindunum er erfitt að ímynda sér að samlíkingin sem hann dregur næst upp sé upphæfð fyrir rómantísku skáldin; fremur má greina írónískan tón í þessari sýn sögumannsins:

Var ekki að vakna í þessum skepnum vísir að miklum klettasníllingum og rómantískum skáldum, sem yrkja lofsöngva til fjalla og fagra hymna um útsýnið yfir heimsvíðáttuna, kannski eftir hundruð þúsundir ára, kannski milljónir, þegar sálir þeirra fá bústað í mönnum? Kvarnir Drottins mala seint, en mala vel (139–140).

Þessa írónísku mynd af villuráfandi rómantískum rollum tengir Soffía Auður Birgisdóttir, í bók sinni, fagurfræði rómantíkur og leggur áherslu á að tengja hana hinu háleita (e. *sublime*). Þar sem takast á andstæður lífs og dauða, hins háa og hins lága, öryggis og ótta.<sup>84</sup> Íróníunni gerir hún ekki sérstök skil en segir:

Myndin af kindum sem rómantískum skáldum er frábært dæmi um hina óvæntu, húmorísku og írónísku sýn Þórbergs en einnig sýnir hún hvernig hann byggir á fagurfræði ættaðri frá „innflytjendum úr fjarlægum landi“ í skrifum sínum um bernskuár sín og heimahaga.<sup>85</sup>

Í grein sem birtist í *Ritinu* vorið 2020 fjallar Soffía Auður á nýjan leik um rómantísku rollurnar. Í þetta skiptið gerir hún nánari grein fyrir íróníunni og bendir á tengsl hennar við endurholdgunarkenninguna. Niðurstaða hennar er eftir sem áður sú sama; frásagnir Þórbergs eru endursköpun á hversdagslegum raunveruleika en list hans fólgin í að vísa um leið í þekkt bókmenntaminni.<sup>86</sup>

<sup>84</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, bls. 138–139.

<sup>85</sup> Sama heimild, bls. 139.

<sup>86</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, „Hin skemmtilega dýrafræði Þórbergs Þórðarsonar“, bls.

Soffía Auður telur því rétt eins og Halldór Guðmundsson og Pétur Gunnarsson að *Steinarnir tala* séu fyrst og síðast endurminningar Þórbergs frá æskuárunum, sem hún telur hann miðla gegnum fagurfræði rómantíkur. Hér er ekki ætlunin að afneita tengslum Þórbergs við rómantík og jafnvel er hægt að taka undir með Soffíu Auði þegar hún fullyrðir að hann beiti fagurfræði hennar meðvitað við ritun Suðursveitarbálksins. Slík tenging getur þó sumpart verið villandi.<sup>87</sup> Í fyrsta lagi verður að hafa í huga þau vandamál sem tengjast hugtakinu, Þórir Óskarsson bendir meðal annars á að sumir þeirra meginþátta sem taldir eru einkenna stefnuna séu svo almennir að varla megi eigna þá einni tiltekinni bókmenntastefnu. Auk þess eru ekki allir fræðimenn sammála um hvaða þættir tilheyri stefnunni, til dæmis telja sumir að írónían sem hér er til umfjöllunar tilheyri rómantíkinni á meðan aðrir telji hana uppreisn gegn henni.<sup>88</sup> Í öðru lagi verður að skoða nánar afstöðu skáldsins til stefnunnar og ekki síður hlutverk íróníunnar í verkum hans.

Í dæminu góða af rómantísku rollunum felst írónía Þórbergs í því að rollur, sem hann talar ekki alltaf um af ýkja mikilli virðingu, verði eftir hundruð þúsundir ára rómantísk skáld í krafti þeirrar þróunar sem guðspekin gerir ráð fyrir að sálin gangi í gegnum. Það er því allt eins hægt að ímynda sér að sama þróun hafi verið bakgrunnur rómantísku skáldanna sem voru áberandi á nítjándu öld, að sál þeirra megi rekja til villuráfandi rollna er sífellt rata í ógöngur sem þær eru ófærar um að bjarga sér úr af sjálfsdáðum. Þessi togstreita á milli ólíkra hugmynda Bergs litla og sögumannsins skýrist ef til vill af þeim langa tíma sem líður milli sögu- og ritunartíma verksins og því valdi sem það færir höfundinum. Sigríður Rögnvaldsdóttir bendir í grein sinni einmitt á þetta einkenni á sögum Þórbergs og hvernig hann geti í krafti þess skapað misræmi á milli atburðarásarinnar og heimsskoðunar sögutímans og túlkunar sinnar á hvoru tveggja.<sup>89</sup> Í þessu tilviki dregur sögumaður athyglina að því sem hann telur sig vita en vissi ekki þegar hann var barn.

Eins og fjallað var um fyrr í þessari grein losaðist Þórbergur árið 1914 undan áhrifum Einars Benediktssonar en sú endurfæðing varpar ljósi á afstöðu sögumannsins í *Steinunum* sé gert ráð fyrir Þórbergi í hlutverki hans. Í *Eddu* sinni dregur Þórbergur enga dul á að hafa verið undir sterkum áhrifum frá Einari þegar hann orti *Nótt*, fyrsta ljóðið sem hann fékk birt, en bætir

---

156–157.

<sup>87</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, bls. 137.

<sup>88</sup> Þórir Óskarsson, „Hvað er rómantík“, *Andvari* 124: 1/1999, bls. 104–125, hér bls. 107.

<sup>89</sup> Sigríður Rögnvaldsdóttir, „Brotin heimsmýnd. Um sýnd og reynd í *Íslenskum aðli og Ofvitanum*“, bls. 297.

jafnframt við að einmitt vegna þessara áhrifa hafi hann ekki endurbirt ljóðið í þriðju ljóðabók sinni, *Hvítum bröfnum* (1922) þar sem fyrri tvær bækur hans eru sameinaðar og nýjum ljóðum bætt við.<sup>90</sup> Enda kveður við allt annan tón í verkum þeirrar bókar eins og titillinn einn ber með sér en honum er augljóslega beint gegn *Svörtum fjöðrum* (1919), vinsælu verki Davíðs Stefánssonar sem kom út á hátindi nýrómantíkurinnar. Þórbergur tekur sjálfur af allan vafa um að í bók hans sé deilt á nýrómantísku skáldin íslensku: „Bæklingur minn var hæðnisþrungin uppreisn gegn kynferðisvoli síðustu ljóðskálda vorra.“<sup>91</sup> Þórbergur greindi holan hljóm í myndmáli þessara skálda eins og umfjöllun hans um ljóðið *Til hypothetista* er góður vitnisburður um:

Orðið hypothetisti er myndað af höfundi kvæðisins og er einksonar samnefari, sem allir rómantískir jarmarar og lýrskir vælukjóar gengu upp í. Það er hugsað þannig, að hypothetistinn sé persóna sem lifi líktog [svo] í hypothesum í stað þess að mæta lífnu með opnum staðreyndum. Kvæðið er knúð fram af viðbjóðslegri klígju og velgju við öllum þeirra tíðar Huldum, huldumeyjum og Sólveigum.<sup>92</sup>

Ekki er að sjá að byltingarkennd afstaðan sem birtist í ljóðum Þórbergs hafi vakið sérstaka eftirtekt á sínum tíma. Jakob Jóhannesson Smári fjallaði þó um ljóðin og sérstaklega um hæðnina sem honum þótti nóg um en benti síðan á líkindin með skáldskap Þórbergs og þýska skáldsins Heinrichs Heine sem birtist í snöggum skiptum milli „sorgar og gleði, viðkvæmni og spotts.“<sup>93</sup> Hér er um að ræða sviptingar sem oft snúa merkingu ljóða þeirra beggja á hvolf, því sem í fyrstu virðist einlæg hrifning er skyndilega snúíð upp í hæðni.

Þessi tengsl við Heine eru ekki úr lausu lofti gripin og má ráða af umfjöllun Jakobs að honum var kunnugt um að Þórbergur þekkti til þýska skáldsins. Soffía Auður hefur að sama skapi gert ítarlega grein fyrir tengslum skáldanna en ljóst er að áhrifa Heines gætir víða í íslenskri bókmenntasögu og þar er hann gjarnan tengdur við rómantísku stefnuna enda liggja rætur hans í henni.<sup>94</sup> En hvað sem íslenskri bókmenntasögu líður, er óalgengt að sú þýska skilgreini Heine sem rómantískt skáld. Honum er mun frekar lýst

<sup>90</sup> Þórbergur Þórðarson, *Edda*, Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 20–21.

<sup>91</sup> Þórbergur Þórðarson, *Frásagnir*, Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 302.

<sup>92</sup> Þórbergur Þórðarson, *Edda*, bls. 40.

<sup>93</sup> Jakob Jóh. Smári, „Styrr Stofuglamm“, *Landið* 3: 1/1918, bls. 4.

<sup>94</sup> Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, bls. 98–101 og 185–191.

sem uppreisnarsegg. Í ritgerð sinni, *Die Romantische Schule*, hafnar hann til dæmis ýmsum einkennum síðrómantíkurinnar sem grundvelli skáldskapar, svo sem ídealismanum, kristindómnum, miðaldadýrkun og þýskri þjóðerniskennd.<sup>95</sup>

Þórbergur á því margt sameiginlegt með skáldinu þýska, því að báðir eru þeir í uppreisn gegn ríkjandi stefnu, hvor á sínum tímanum en beina báðir spjótum sínum að einkennum sem kennd hafa verið við rómantík. Þó skal haft í huga að hugtakið rómantík er erfitt og vandmeðfarið eins og kemur fram hjá Þóri Óskarssyni en hann bendir á að hugtakið sé eitt þeirra sem virðist þiggja merkingu sína frá því umhverfi sem það stendur í hverju sinni og sumir gangi svo langt að fullyrða að það hafi misst merkingu sína sem mállegt tákni að minnsta kosti sem eintöluorð.<sup>96</sup>

Enn hefur ekki verið minnst á augljósustu tengsl Þórbergs við rómantíkina. Þá dulspeki sem hefur verið tengd verkum hans í þessari grein má setja í samhengi við sum einkenni rómantíkurinnar, sér í lagi hughyggju, náttúruspeki og dultrú þeirrar snemmbornu (þý. *Frühromantik*).<sup>97</sup> Upphaf náttúruspekinnar (þý. *Naturphilosophie*) er rakin til tímamótaverka heimspekinga rómantísku stefnunnar, þeirra F.J.W. Schellings og Franz von Baaders og var ætlað í krafti aukinnar þekkingar á sviði vísinda að varpa ljósi á sambandi náttúrunnar, manna og guðdómsins. Rétt eins og margar aðrar vestrænar dulspekistefnur styðst náttúruspekin við hugmyndir nýplatonismans um alheimsandann eða sálina og náttúruna sem er birtingarmynd hans og á því sitthvað sameiginlegt með guðspekinni.<sup>98</sup>

Fræðimenn eru reyndar ekki vissir um að hægt sé að eigna rómantíkinni þessar hugmyndir sérstaklega. Í bók sinni um tengsl rómantíkur og dulspeki fjallar Paul Davies einmitt um þessi einkenni og segir að það að leggja að jöfnu hið dulda og hið sýnilega í veröldinni hafi víðari skírskotun en til bókmenntastefnu. Hann sýnir fram á, með því að kafa í þær dulrænu hefðir sem rómantíkerarnir heimfærðu upp á vestrænt samfélag síns tíma, að rangt sé að eigna einni bókmenntastefnu / hugmyndafræði eða einum trúarbrögðum einkennum þeirra hefða.<sup>99</sup> Þær hafi fremur skotið upp kollinum aftur og aftur

<sup>95</sup> Þórir Óskarsson, „Hvað er rómantík“, bls. 111.

<sup>96</sup> Sama heimild, bls. 104–105.

<sup>97</sup> Sama heimild, bls. 108.

<sup>98</sup> Antoine Faivre, „Naturphilosophie“, *Dictionary of Gnosis and Western Esotericism II*, ritstj. Wouter J. Hanegraaf, Boston: Brill, 2006, bls. 823–825.

<sup>99</sup> Paul Davies, *Romanticism & Esoteric Tradition. Studies in Imagination*, New York: Lindisfarne Books, 1998, bls. 19.

í viðleitni mannsins til að skilja veröldina sem hann tilheyrir og hvernig hún er sett saman. Náttúruspekin rann sitt skeið um miðja nítjándu öldina en ekki svo löngu síðar eða árið 1875 var Guðspekifélagið stofnað. Margt af því sem rakið hefur verið í kenningum guðspekinnar hvílir á sömu stoðum og náttúruspekin, það er á heimspeki Platons og þeirri hefð nýplatonismans sem á henni byggir.

### *Að lokum*

Þótt Þórbergur Þórðarson hafi ekki haft mikil auðæfi á milli handanna þegar hann hélt til Reykjavíkur vorið 1906, hefur hann lengi búið að andlega arfinum úr heimasveitinni ef marka má orð Steinþórs bróður hans:

Og þó að Þórbergur hafi ekki farið með mikil fararefni úr Suðursveit, þá fór hann samt með það, sem hann hefur mulið úr og mun lengst mylja úr, og það er sá andlegi arfur, sem hann fór með frá liðnum feðrum og mæðrum sínum.<sup>100</sup>

Í Reykjavík lenti Þórbergur í miðju þess umróts sem var á sviði vísinda og trúarbragða við lok nítjándu aldar og upphaf þeirrar tuttugustu. Á sama tíma og kenningar vísindanna grafa undan heimsmynd trúarbragðanna, settu margir spurningarmerki við afstöðu vísindanna til þess dulræna og vildu í auknum mæli beina aðferðum þeirra að því að kanna það sem manningum væri dulið og byggja þannig upp nýja heimsmynd.

Guðspekihreyfingunni var einmitt ætlað að brúa bilið á milli þessara andstæðna. Sú könnun sem hér hefur verið gerð á fyrstu bók Suðursveitarbálksins, *Steinarnir tala*, sýnir svo ekki verður um villst tengsl verksins við kenningar guðspekinnar og helstu rita hennar. Sögumaðurinn Þórbergur miðlar þekkingu sinni á guðspeki og lætur Berg litla uppgötva margt af þeirri þekkingu í gegnum athuganir á tilverunni sem eru innblásnar af þeirri náttúrutrú sem enn einkenndi suma í Suðursveit þegar hann var að alast þar upp.

Lesandinn fær sem sagt annars vegar innsýn í þá þekkingu sem Þórbergur í hlutverki sögumanns hefur tileinkað sér í dulspeki; hins vegar í þá staðbundnu náttúrutrú sem einkenndi Suðursveit að einhverju marki í bernsku hans. Þannig dregur Þórbergur fram sameiginlega þætti með því staðbundna og því alþjóðlega og rennir þar með stoðum undir þá kenningu sína og Blavatsky að seinni tíma efnishyggi hafi spillt viðhorfi manna til

<sup>100</sup> Stefán Jónsson, *Nú – nú. Bókin sem aldrei var skrifuð*, Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1970, bls. 137.

fornrar speki sem var almenn fyrir innrás efnishyggjunnar og átti rætur í sameiginlegum menningararfi, ættuðum úr grárri forneskju.

Þórbergur var ekki sá eini sem horfði til austurs í leit að merkingu lífsins. Áhrifa þaðan gætir víða í menningarlífi Íslendinga á fyrstu áratugum síðustu aldar og fleiri komu auga á líkindin milli náttúru trúar og þekkingar ættadrar úr fornum trúarbrögðum Indverja. Sigurður Nordal skrifaði á sinni tíð grein sem hann kallaði „Íslensk Yoga“.<sup>101</sup> Hann kom auga á sameiginlega þætti með ýmsu í þessari austurlensku speki og íslenskri alþýðumenningu. Athuganir beggja, Sigurðar og Þórbergs, geta rennt frekari stoðum undir kenningar seinni tíma fræðimanna, eins og til dæmis Bird-David, sem telja náttúru trú sameiginlega mönnum fremur en einkenni frumstæðra þjóðfélaga eða óvita.

Það er ekki aðeins áhugi Þórbergs á íslenskum fræðum sem fer saman við hugmyndafræði guðspekinnar. Þegar þættirnir sem einkenndu helst sjálfmynd hans eru skoðaðir kemur í ljós að þeir eru engin tilviljun heldur leiðir skáldið þá hvern af öðrum. Hugmyndafræðin sem liggur til grundvallar sósíalisma og alþjóðamálinu esperantó fellur til dæmis fullkomlega að einu af meginmarkmiðum Guðspekifélagsins, það er að vinna að bræðralagi alls mannkyns.

Sú umfjöllun sem birtist í þessu hefti *Ritsins* um verk Þórbergs varpar nýju ljósi á þau. Í framhaldinu væri einkar áhugavert að skoða frásagnir skáldsins, ekki síst hinar síðari, út frá þeirri skýru heimsmynd sem hann mótaði eftir kynni sín af guðspekinni. Og ekki væri síður forvitnilegt að kanna almennt íslenskar heimildir sem vitna um náttúru trú og skoða þær í alþjóðlegu samhengi.

## ÚTDRÁTTUR

Sú náttúru trú sem einkennir sjálfsævisögulegt verk Þórbergs Þórðarsonar, *Steinarnir tala* (1958), hefur verið talin sérstæð og hefur vakið athygli þeirra sem skoðað hafa verk hans. Hún hefur jafnan þótt til marks um þá fornu menningu sem einkenndi heimahaga skáldsins í Suðursveit; menningu sem að sögn Þórbergs sjálfs, var óðum að hverfa vegna vaxandi efnishyggju. Það hefur því virst nærtækt að draga þá ályktun að Þórbergur hafi ætlað verki sínu að koma í veg fyrir að menningin sem hann ólst upp við yrði að eilífu gleymd.

<sup>101</sup> Sigurður Nordal, „Íslensk yoga“, *Iðunn* 2/1925, bls.113–122.



En fleira kann að hafa vakað fyrir honum. Svo er að sjá sem Þórbergur hafi greint sameiginlega þætti með menningunni sem hann ólst upp við og hugmyndum dulspækihreyinga sem hann kynntist sem ungur maður í Reykjavík á öðrum og þriðja áratug síðustu aldar. Í þessari grein er lögð áhersla á ýmsar kenningar Guðspekifélagsins sem var stofnað árið 1875. Óhætt er að fullyrða að þær hafi skipt sköpum í þeirri heimsmynd sem Þórbergur kom sér ungur upp og fylgdi honum allt til æviloka. Blavatsky einn stofnenda félagsins reyndi að sýna fram á að menning og trúarbrögð heimsins ættu sameiginlegan uppruna í fornum vísdómi (e. *ancient wisdom*) eins og hún kallaði það. Samanburður á þeirri náttúru trú sem birtist í *Steinarnir tala* og kenningum guðspekinnar leiðir í ljós að menning sú sem Þórbergur ólst upp við var ekki eins einstök og menn hafa talið. Sú niðurstaða styrkir þá hugmynd sem hefur notið vaxandi fylgis fræðimanna, meðal annars á sviði hugrænna fræða, að náttúru trú sé ekki einkenni frumstæðra eða fábreyttra samfélaga heldur fremur einkenni á mannlegu eðli.

*Lykilorð:* Þórbergur Þórðarson, *Steinarnir tala*, náttúru trú, dulspeki, guðspeki, hugræn fræði.

## ABSTRACT

**“Everything that ever existed, will continue to exist”**

**Esoterism and animism in *Steinarnir tala*, the work of Þórbergur Þórðarson**

Scholars who have studied the work of Þórbergur Þórðarson have recognized the animism that appears in his autobiographical work *Steinarnir tala* (e. *The stones speak*). It has been assumed to be characteristic of the unique culture in the isolated area where Þórbergur grew up in the southeast part of Iceland; a culture that Þórðarson felt threatened by increasing materialism. Therefore, it is logical to assume that *Steinarnir tala* is his attempt to preserve the recessive culture of the isolated area that fostered him.

However, there might be more to it. It appears that Þórðarson saw some commonality with the culture he grew up with and theories promoted by movements of western esotericism, which he became acquainted with in Reykjavík in the early twentieth century. This article will focus on various theories of the Theosophical society, which was founded in 1875. These theories became a fundamental part of the world view that Þórðarson shaped and followed throughout his life. The founder of the Theosophical society, Helena P. Blavatsky, claimed that religion and culture had a common root in ancient wisdom, as she called it. Comparison between the

STEFÁN ÁGÚSTSSON

animism in *Steinarnir tala* and the doctrines of theosophy reveals that the culture that influenced Þórðarson as a child is not as unique as some have considered. This supports the idea, which has been gaining popularity among scholars, for example in the field of cognitive science, that animism is not just a characteristic of primitive cultures, but rather of human nature.

*Key words:* Þórbergur Þórðarson, *Steinarnir tala*, animism, esotericism, theosophy, cognitive science

STEFÁN ÁGÚSTSSON

íslenskufraðingur

sta15@hi.is